

Powershot S30 stærst myndavél



Bókhladan

Canon

Canon

Verð kr. 89.900 m/vsk

- Ljósgeisli (3.6) mjógr dýgi • 1.8 sekunnir frá ljósi á baki
- 3 þrívíða upptökunar stillingarnir • Lúðunarkrafti: 15 - 1/15000
- Seði • Linsur: 7,1 - 21,3 mm • Innlæggj. fasa, skjaltur
- Sjálfmyndun • Stærð: 11,0 x 5,8 x 42mm
- Myndavélin getur tekið upp að 3 myndir á sek.
- Aftur myndunin er að 30 sek.
- Lítil rafhlöða



Bæjarins besta

Miðvikudagur 12. mars 2003 • 10. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Snerpa á Ísafirði sýnir á Cebit Aldrei að vita nema við fáum stóru lúðuna

Tölvuþjónustan Snerpa á Ísafirði kynnir INfilter vefgæsluna og Imobil tölvuþóst fyrir skip á upplýsingatæknisýningunni Cebit í Hannover, sem hófst í dag og stendur í rúma viku. Snerpa er á bás Útflutningsráðs Íslands ásamt fyrirtækjunum Kögum, Hugbúnaði og DesignEuropa. Björn Davíðsson hjá Snerpu segir að samstarfið við Útflutningsráð geri fyrirtækinu kleift að taka þátt í sýningunni en afar dýrt sé að vera með sýningarbás á Cebit. Aðaláherslan verður lögð á að kynna Infilter vefgæslukerfið.

„Við höfum stundum kallað þetta klámsúna en þetta er græja sem er sett upp á tölvukerfum og gerir kleift að stilla hvaða netsíður eru bannaðar, t.d. klám, fjárhættuspil eða afþreyingu“, segir Björn. „Margir vinnuveitendur hafa keypt þetta af okkur til að loka fyrir vefráp á þess konar síðum. Fyrst og fremst höfum við verið að selja þetta á Íslandi en eitthvað út líka. Kerfið hefur til dæmis verið sett upp í tveimur skólum í Bandaríkjunum.“

Snerpa er að sýna á Cebit í annað skiptið en Björn segir þá Snerpumenn hafa farið



Björn Davíðsson.

nökrum sinnum út til að skoða sýninguna. Yfir 8.000 sýndendur eru á svæðinu og segir Björn að auðvelt sé að týnast meðal þeirra. Því sé mikilvægt að hafa kynnt sér aðstaður vel til að ná árangri.

„Jafnvel eru margir eru með sömu lausnina. Við eigum eftir að verða bornir saman við önnur fyrirtæki. Þá skiptir máli hvort maður er glænýr í þessu eða hvort fyrirtækið hefur haldið sínum merkjum á lofti áður. Við keyrum á því að kerfið hefur verið notkun síðan 1999 og er fullþróað. Við höfum fyrst og fremst þær væntingar að verða sýnilegri og reiknum ekki með því að selja þúsund kerfi á fyrstu dögum og heldur ekki hundrad. Að vísu er aldrei að vita nema við fáum stóru lúðuna á krókinn en fyrst og fremst er þetta hluti af okkar auglýsingastefnu“, sagði Björn.



Norðurljós í þann veginn að renna fram í sjó.

Plastorka á Ísafirði vinnur við báta víða af landinu

Norðurljós ÍS 3 sjósett eftir lengingu

Fiskibáturinn Norðurljós ÍS-3 var sjósettur á Ísafirði á mánudag eftir hálfs annars metra lengingu. Það var fyrirtækið Plastorka á Ísafirði sem verkið vann en þetta er stærsti báturinn sem þar hefur verið lengdur. Norðurljósið er krókaafلامarksbátur í eigu Krosshamars ehf. á Ísafirði og segir Gunnlaugur Finnbogason, framkvæmdastjóri og skipstjóri, að lest bátsins

lengist um einn metra og að auki stækki vélarúm skipsins.

„Þegar við létum smíða bátinn var vélinni pakkað inn til að fá sem mest lestarpláss en nú verður þægilegra að athafna sig í kringum hana“, segir Gunnlaugur.

Samið var um afhendingu á Norðurljósi 15. mars og Plastorkumenn eru hæstánægðir með að vera á undan áætlun. Vinnan við lengingu bátsins fór fram í húsnæði Skipanausts

á Ísafirði. Að sögn Jens Guðmundssonar hjá Plastorku var á sama tíma verið að vinna við fimm aðra báta í húsakynnum Plastorku.

„Verkefnastaðan hefur mjög góð hjá okkur alveg síðan í október og lítur vel út fram að páskum. Við höfum verið að taka á móti bátum alls staðar að af landinu og eigum von á einum alla leiðina frá Raufarhöfn“, sagði Jens Magnússon.

„Vil geta gert allt sjálf“

– listakonan Messíana Tómasdóttir er komin á Ísafjörð á ný eftir fimmtíu ár. Sjá viðtal í miðopnu.



„Ég finn mér alltaf leið“

– segir Davíð Kjartansson sjómaður sem reynir að lifa með „kerfinu“ hverju sinni. Sjá viðtal á bls. 4 og 5.



SAMKAUP!
af öllum þingum

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!
af öllum þingum

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll


Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5460

www.flytjandi.is • Sími 456 5460



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamaður:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur: www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlistöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Dómnefnd vandi á höndum að velja bestu lesarana

Sameiginleg lokahátíð
grunnskólanna á norðanverð-
um Vestfjörðum í Stóru upp-
lestrarkeppninni var haldin í
Hörmum á Ísafirði á föstu-
dagskvöld að viðstöddu fjöl-
menni. Þessi hátíð er loka-
punktur keppinnar hverju
sinni en undirbúningur fyrir
hana hófst á Degi íslenskrar
tungu 16. nóvember. Á loka-
hátíðinni lásu 14 börn frá öll-
um grunnskólum Ísafjarðar-
bæjar og einnig frá Bolungar-
vík og Súðavík. Þetta var í
fyrsta sinn sem Súðavíkurskóli
átti fulltrúa í keppninni.

Fyrst lásu börnin kafla úr
bókinni Punktur, punktur,
komma strik, síðan las hvert
þeirra eitt ljóð eftir Davíð
Stefánsson frá Fagraskógi og
loks eitt ljóð að eigin vali. Var
það samdóma álit þeirra sem á
hlýddu að upplestur þeirra
allra væri framúrskarandi.

Dómnefndinni var mikill
vandi á höndum að velja þrjá
bestu lesarana úr þessum
frábæra hóp.

Áður en athöfnin hófst
höfðu nemendur Tónlistar-
skólans á Ísafirði ofan af fyrir
áheyrendum með tónlistar-
flutningi og stóðu þeir sig engu
síður en lesararnir. Dóm-
nefndin komst að þeirri niður-
stöðu að verðlaunahafar yrðu
þessir:

1. sæti: Ólafía Kristjáns-
dóttir. 2. sæti: Ingibjörg Elín
Magnúsdóttir. 3. sæti: Stefán
Pálsson. Þau eru öll nemendur
í Grunnskólanum á Ísafirði.

Þessi börn hlutu peninga-
verðlaun sem Sparisjóður
Vestfirðinga og Sparisjóður
Bolungarvíkur veita, en öll
fengu þau börn sem lásu á
lokahátíðinni bókagjafir frá
Eddu – miðlun og útgáfu. Ýmis fyrirtæki á svæðinu

styrktu upplestrarkeppnina
með margvíslegum hætti, en
það er Skóla- og fjölskyldu-
skrifstofa Ísafjarðar sem sér
um skipulagningu hennar í
samstarfi við hugsjónafólk í

Kennaraháskóla Íslands.

Kennarar 7. bekkjar í öllum
skólunum fengu blómvendi og
var þeim margþakkað þeirra
framlag, enda ljóst að upp-
lestur eins og börnin sýndu

sig fær um, sprettur ekki af
engu. Þar liggur að baki mark-
viss þjálfun og kennsla. Allir
nemendur 7. bekkjar á svæð-
inu sem hafa tekið þátt í keppn-
inni, fá viðurkenningarskjal.

Fyrirtækjamót Íþróttafélagsins Ívars í boccia

HG hf. sigraði annað árið í röð



Liðsmenn HG taka við verðlaunum úr hendi Hörpu
Björnsdóttur, formanns Íþróttafélagsins Ívars.

Lið Hraðfrystihússins -
Gunnvarar hf., skipað þeim
Rúnari Guðmundssyni og
Helga Elfássyni, fór annað
árið í röð með sigur af
hólmi á fyrirtækjamóti
Íþróttafélagsins Ívars,
íþróttafélags fatlaðra á
norðanverðum Vest-
fjörðum, sem haldið var í
íþróttahúsinu á Torfnesi á
sunnudag. Fjöldmörg lið frá
fyrirtækjum og stofnunum
í Ísafjarðarbæ tóku þátt í
skemmtilegri keppni og
voru margir að kynna
íþróttinni boccia í fyrsta
sinn af eigin raun.

Ýmsar viðurkenningar
voru veittar, m.a. hlaut
Sturla Páll Sturluson úr liði
lögreglunnar viðurkenn-
ingu fyrir besta búninginn,
SKG-veitingar þóttu hafa
sterkustu liðsheildina og
Finnbogi Hermannsson hjá
Svæðisútvarpi Vestfjarða
fékk viðurkenningu fyrir
mestu tilþrifin.

Þátttakendum jafnt sem
áhorfendum þótti mótið
hið skemmtilegasta. Það
þykir álitlegur kostur að
reyna fyrir sér við iðkun
boccia utanhúss á góð-
viðrisdögum í sumar.

Frumskýning á Söngvaseiði

Frestað sökum anna í menningarlífinu

Fyrstu sýningum á Söng-
vaseiði (Sound of Music)
sem fyrirhugaðar voru á Ísa-
firði 15. og 16. mars hefur
verð frestað um tæpa viku
eða til 21. og 23. mars. Ákvörðunin var tekin í sam-
ráði leikstjóra, framkvæm-
dastjórna og hljómsveitar-
stjóra.

Greipur Gíslason, tals-
maður sýningarinnar, segir
stóra hljómsveit notaða í
verkinu en margir hljólm-
listamannana séu einnig

lykilþátttakendur í verkefna-
um á Sólrishátíð Mennta-
skólans á Ísafirði sem nú
stendur yfir. Einsýnt þótti
að erfitt yrði að koma við
nægjanlega mörgum sam-
eiginlegum æfingum hljóms-
veitar og leikhóps.

„Við viljum ekki tefla á
tæpastu vaðið. Það stefnir
jafnvel í aukasýningar á Sól-
ruleikritinu og við viljum
vera viss um að hafa nægan
tíma til að stilla saman alla
þætti“, sagði Greipur.



ÍSAFJARÐARBÆR

FRAMLENGING HÆTTUMATS VEGNA OFANFLÓÐA Á ÍSAFIRÐI

Breyting hefur verið gerð á áður
kynntu hættumati fyrir Ísafjörð. Um
er að ræða minniháttar breytingu sem
felst eingöngu í því að metið svæði
stækkar til norðausturs, út fyrir Hnífs-
dalsveg 27.

Hættumatskortið með áorðnum
breytingum er til sýnis á bæjar-
skrifstofunum í Stjórnsýsluhúsinu,
Hafnarstræti 1, þar sem einnig verður
tekið við athugasemdum sem fram
kunna að koma.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RIITSTJÓRNARGREIN

Þjóðarhagur

Þegar mikið liggur við tala stjórnmálamenn um þjóðarhag, einkum og sér í
lagi þegar þeir þurfa á fylgi að halda við ákvarðanir sem þjóðin er ekki á eitt sátt
um. Kárahnjúkavirkjun, umdeildasta verk íslenskra stjórnvalda fyrr og síðar, er
glögg dæmi um þetta

Hvað sem mönnum finnst um stóriðju og áhrif hennar á efnahag og atvinnulíf,
er ljóst að járnblendiverksmiðjum og álverum verður ekki útteilt með sama
hætti og skuttogurunum á sínum tíma. Almenn orðað lýtur staðsetning stóriðju
og vatnsaflsvirkjana allt öðrum lögmálum en heimilsfang venjulegra fyrirtækja.

Uppistöðulón og stíflumannvirki Kárahnjúkavirkjunar munu að öllu óbreyttu
ekki færa Norður-Héraði eina krónu í tekjur af öllu því landi sem mannvirkið út-
heimtir. Í þessu tilviki nýtur Landsvirkjun skattfríðinda, en greiðir aftur á móti
fasteignagjöld af stöðvarhúsinu. Þeir peningar renna í kassa Fljótaldalshrepps.
Gremja íbúa Norður-Héraðs er skiljanleg. Þegar peningaflijótið tekur að streyma
í hreppskassa Fljótaldalshéraðs örlar ekki á lækjarsprænu í kassa Norður-Héraðsins
sem fórnar mestu, eins og það hefur verið orðað.

Fyrir margt löngu var víðruð hér sú hugmynd, að skattar af stóriðju rynni í sér-
stakan sjóð sem kalla mætti „þjóðarsjóð“ (sbr. þjóðarhagur). Viðkomandi

sveitarfélög nyttu fasteignagjalda og skatta af launum starfsmanna, væntanlega í flestum tilfellum
búsettum í heimabyggð fyrirtækisins. Önnur gjöld rynnu í sameiginlegan sjóð.

Stjórnmöld leggja þunga áherslu á, að í virkjanir og stjórnun sé ráðist með hagsmuni allrar þjóð-
arinnar að leiðarljósi. Hvernig ávinningnum er útteilt er óljóst eins og svo margt annað, sem al-
menningi er talin trú um að sé í þjóðarþágu. Það breytir því þó ekki, að með þessum málflutningi
hafa stjórnmöld sjálf lagt fram rök fyrir því að skattar stóriðjufyrirtækja verði eymamerktir þjóð-
inni allri til aðkallandi framkvæmda. Má þar til nefna samgöngur og skóla, sem menn virðast nú
loks vera koma auga á að séu almenn forsenda byggðar í landinu. Enda: Skrifar ekki þjóðin öll upp
á víxilin?

Öllum er ljóst að takmörk eru fyrir fjölda stóriðjufyrirtækja í landinu. Það styður hugmyndina
um „þjóðarsjóð“ og að landsmenn allir fái á augljósan hátt notið hlutdeildar í afrakstrinum. Al-
menningi nægir ekki að þjóðarhaginn sé einungis að finna í ræðum alþingismanna meðan leitað
er eftir stuðningi við framkvæmdir sem óumdeilt koma til með að breyta ásynð landsins á þann veg
að aldrei verður til fyrra horfs snúið.

Þjóðarhagur er tilfinningarafrik orð. Nægir þó ekki eitt og sér. Þjóðarhagur á borði er það sem al-
menningur þarf á að halda.

s.h.

Keppt í níu grein- um frjálsra íþróttar

Undirbúningsnefnd Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður á Ísafirði um verslunarmannahelgi ákvað keppnisgreinarnar mótsins á fundi sínum í Gamla Apótekinu á Ísafirði á föstudag. Keppt verður í níu greinum frjálsra íþróttar: 60 og 100 metra hlaupi, langstökki, hástökki, þrístökki, spjótcasti, kúlurparpi, víðavangshlaupi og boðhlaupi.

Einnig verður keppt í knattspyrnu, körfuknattleik, sundi, skák, glímu, golfi og hand-

knattleik, sem er ný grein á unglingalandsmóti og verður að þessu sinni aðeins í boði fyrir 11 og 12 ára iðkendur. Að auki er fyrirhugað af hafa nokkrar sýningargreinar og segir Jón Pétur Róbertsson, framkvæmdastjóri mótsins, að hugmyndin sé að bjóða upp á kajakróður og aðrar siglingagreinar en ekki sé búið að útfæra það nánar.

Þátttökugjald var ákveðið kr. 4.500 á keppanda og segir Jón Pétur að innifalið í því sé aðgangur að öllum keppnis-

greinum á mótinu. Fjölskyldum keppenda sé velkomið að fylgjast með öllum greinum og skemmtunum á mótinu og þurfi ekki að greiða sérstaklega fyrir það.

„Að sama skapi er fólki, sem kann að vilja eiga helgi á Ísafirði, þó að það sé ekki að taka þátt í keppnishaldinu, velkomið að mæta á alla viðburði. Við viljum fá sem flesta vestur og ætlum að eiga náð samráð við ferðafjónustuaðila á svæðinu til að svo megi verða“, sagði Jón Pétur.



Nýhannað merki Unglingalandsmótsins 2003.

Breytt áform hjá Flugfélagi Íslands

Ísafjarðarflug á föstudaginn langa

Flugfélag Íslands hefur eftir allt saman ákveðið að fara eina áætlunarferð til Ísafjarðar og annarra helstu áfangastaða sinna á föstudaginn langa. „Við ætlum að prófa eina vél á alla staði og sjá hvernig bókast“, segir

Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði. Þegar þessi ákvörðun Flugfélagsins lá fyrir var frétt annars staðar í blaðinu um að ekki yrði flogið á föstudaginn langa og páskadag farin í prentvinnslu.

Það hefur verið mikið kappmál forsvarsmanna Skíðavíku Ísfirðinga að flogið yrði til Ísafjarðar alla daga meðan hún stendur yfir. Að svo stöddu eru ekki áform um flug á páskadag.



ÍSAFJARÐARBÆR

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Ísafjarðarbær óskar eftir viðræðum við áhugasama aðila um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði sem skilgreind er sem landshlutamiðstöð. Áhugasamir hafi samband við Rúnar Óla Karlsson ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar í 450 8000 eða sendi tölvupóst á netfangið runaroli@isafjordur.is fyrir 19. mars.

Ísafjarðarbær



Fræðslumiðstöð
Vestfjarða

Fyrirlestur um heilabilunarsjúkdóma

Mánudaginn 17. mars nk. heldur Svava Aradóttir hjúkrunarfæðingur fyrirlestur um „Heilabilunarsjúkdóma og áhrif þeirra á líf einstaklingsins og fjölskyldunnar“. Fyrirlesturinn verður hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða að Eyrargötu 2-4 á Ísafirði og hefst kl. 20. Aðstandendur og annað áhugafólk er hvatt til að koma á fyrirlesturinn. Aðgangseyrir 500 kr.

Fíkn er fjötur Stórtónleikar í Ísafjarðarkirkju fimmtud. 20. mars kl. 20:30

Karalakórinn Ernir

Kristín S. Snædal
einsöngvari

Sunnukórinn

Gospelkór
Vestfjarða

Tónlistaratriði frá
Tónlistarskóla Ísafjarðar

Kynnir:
Hlynur Snorrason
lögnefndarfulltrúi

Söngstjórn:
Steingrímur Þorgeirsson

Allur ágóði af tónleikunum rennur í sérstakan forvarmansjóð UMFÍ þar sem áhersla verður lögð á að fræða foreldra um fyrstu einkenni og rétt viðbrögð við fíkniefnaneyslu unglínga.

FÍKN
ER FJÖUR



KAMMERKÖR
REYKJAVÍKUR
flugfelag.is



„Ég finn mér alltaf leið“

– segir Davíð Kjartansson sjómaður sem reynir að lifa með „kerfinu“ hverju sinni

Davíð Kjartansson í Hnífsdal gerir út tvo smábáta, annan með kvóta og hinn í dagakerfinu. Hann er einn þeirra fjölmörgu Vestfirðinga sem hafa sótt sér björg í bú með smábátaútgerð undanfarin ár og reynir að vinna sem best úr þeim aðstæðum sem fiskveiðistjórnunarkerfið býður upp á. Undanfarin tuttugu ár hefur hann búið í Hnífsdal ásamt fjöl-

skyldu sinni en er fæddur og uppalinn á Ísafirði, sonur Kjartans Sigmundssonar frá Hælavík við Horn og Maríu Hallgrímsdóttur frá Grunnavík. Systkinin eru þrjú auk Davíðs: Hallgrímur er læknir á Ísafirði, Bergrós er búsett í Reykjavík og Kristín í Noregi. Sambyliskona Davíðs er Hnífsdælingurinn Sigrún Hinriksdóttir, dóttir Hinriks Vagns-

sonar frá Aðalvík og Barðstrendingsins Elínar Jónsdóttur. „Ætli meggi ekki segja að fjölskyldan sé vestfirsk að öllu leyti. Við Sigrún erum búin að vera í sambúð í tuttugu ár og erum ekki gift ennþá en það kemur að því. Elsti strákurinn okkar, Kjartan, er 19 ára. María Bjargey er að verða 16 ára. Ástrós er sjö ára og Gabríel er fjögurra ára.“

– Byrjaðirðu ungur að sækja sjóinn?

„Fyrst var ég með pabba á rækjunni hérna í Djúpinu. Ætli ég hafi ekki verið svona 14 eða 15 ára þegar ég fékk að fara með honum. Við vorum á rækju á veturna en vorum þess utan á netum eða færum og fórum á skel líka. Við sóttum hana undan Sléttu við Jökulfirðina og víðar um Djúpið. Það gekk alveg ágætlega.“

– Þú ert þá búinn að prófa ýmislegt í þessu?

„Já ætli meggi ekki segja það. Fyrstu árin mín á sjónum voru með pabba en svo hef ég verið á mörgum bátum. Ég var á línu hérna á Guðnýjunni í tvær, þrjár vertiðar. Svo fór ég á netabát frá Reykjavík eina vertið. Eins hef ég verið á Páli Pálssyni í nokkur ár og á Bessanum. En ég á eftir að fara á loðnu og síldina hef ég ekki prófað.“

Fyrsta bátinn minn keypti ég svo 1987. Reyndar var það bara bátsskrokkur sem var smíðaður í Vestmanneyjum og var alveg óinnréttaður. Ég ætlaði að smíða þetta sjálfur, klára bátinn, sem endaði með því að pabbi hjálpaði mér við að koma honum á flot. Hann á eiginlega heiðurinn að því að hjálpa mér af stað.“

Gaman að vera einn úti á sjó

– Hvaða kerfi kemstu þá inn í með veiðiheimildir?

„Þetta var dagakerfi sem var í gangi 1991 þegar báturinn kemst af stað. Við máttum róa ákveðið marga daga á ári. Um páskana var 10 til 15 daga stopp, líka um verslunarmannahelgina, og svo var

stoppað aðra hverja helgi. Þetta var í svipuðu horfi til 1994 en svo fengu menn að velja um það hvort að þeir færu í krókaflamark, þ.e. kvótann, eða þá að fara í dagakerfi. Þetta var bara svo mikið rugl, það var alltaf verið að breyta þessu. Sumir völdu dagana og fengu þá í upphafi 80 daga til að veiða á. Aðrir völdu kvótann og voru þá takmarkaðir af honum. En menn voru svo hreðdir um hvað gæti gerst. Eins og í mínu tilviki, þá vissi ég ekkert hvað yrði með þessa daga, hvort að þeim yrði fækkað eða hvað. Ég átti þennan kvóta og veiddi hann á færum á sumrin en svo var ég í vinnu í landi á veturna.“

– Hvernig gekk færaútgerðin?

„Hún gekk bara fínt. Ég hef svo ofboðslega gaman af þessu, að vera svona einn úti á sjó. Þetta togar alltaf rosalega mikið í mann, alveg sérstök tilfinning. Að ég tali nú ekki um þegar maður er að veiða fyrir austan Kögur, það er alveg sérstakur staður í mínum huga til að róa á.“

En það er varla hægt að lýsa því hvernig þetta er, að vera á færum í góðu veðri. Þetta er einhvers konar tenging við náttúruna. Þá fylgdi þessu heilmikil frelsistilfinning. Manni fannst maður vera alveg óáreittur. Nú er búið að niðurnjörva þetta allt í einhver kerfi. Þetta var mikið undir því komið hvað menn voru tilbúnir til að leggja á sig við sjósóknina. Þetta er búið að eyðileggja nokkuð mikið í dag en þó er ennþá talsvert frjálsræði að finna í dagakerfinu eins og það lítur út núna. Dagarnir eru fáir en maður má þó

veiða eins mikið og maður getur innan þess ramma. Ég vona bara að þetta fyrirkomulag fái að vera í friði áfram.“

Geri hlutina sjálfur

– Fylgdi þessu ekkert öryggi að stunda sjóinn úr sumarið en þurfa svo að yfirvega sér vinnu í landi yfir veturinn?

„Jú, oft var það hálfferfitt að redda sér vinnu og ég fékk nú að heyra að það væri ekki vinsælt að ráða sig í vinnu yfir veturinn og vera svo alltaf farinn á vorin. En ég komst upp með þetta, var að vinna mikið hjá Leiti sem þá var hérna úti í Hnífsdal. Eigandinn þar hafði skilning á þessu og leyfði mér að hafa þetta eins og mér hentaði.“

– Hvenær fórstu svo að róa allt árið?

„Ég var á skakinu allt fram til 1998 en þá var ég farinn að hugsa um að geta sótt þetta allt árið. Þá var líka orðið talsvert erfitt að fá vinnu yfir vetrartímann og hreinlega ekki fjölskyldu og þurfti að redda að reyna að búa mér til eitt-hvað sjálfur. Einhvern veginn hefur maður alltaf reynt að gera hlutina sjálfur þegar maður hefur ekki fengið vinnu annars staðar.“

Einu sinni fór ég að gella hausa, bara hingað og þangað. Labbaði hérna í verkanirnar og seldi svo. Ég fékk ekki vinnu en sá þarna smugu og fékk smávægis pening út úr því. Maður var náttúrulega með fjölskyldu og þurfti að redda sér en þegar ég lít til baka þá furða ég mig á því að maður hafi virkilega gert þetta. En 1998 fer ég að róa allt árið og set línugræjur í bátinn. Þá er



kerfið orðið þannig að það var kvóti á þorskinum en frelsi í veiðum á rósu og steinbít. Ég fór bara állega af stað í þessu, byrjaði að róa með nokkra bala og var að beita sjálfur. Þetta hefur gengið ágætlega og það er rosalega gaman að gera þetta allt sjálfur.“

– Rærðu ennþá einn?

„Já, ég ræ bara einn og strákurinn er að beita hjá mér og líkar það bara vel. En þetta gengur upp og ég hef vinnu við þetta allt árið. Í fyrra var settur kvóti á ýsuna og steinbítinn en ég næ alls ekki viðmiðunarárunum í því. Þau eru áður en ég byrja á línunni. Þá stóð maður frammi fyrir því að vera bara með þorskvóta. Til að halda þessu áfram hef ég leigt til mín ýsu- og steinbít kvóta. Það er bara eins og það er, þetta er dýrt í dag. Maður gerir þetta til að halda þessu áfram því að maður kann náttúrulega ekkert annað og er kominn á kaf í þetta.“

Svona er kerfið, maður er kannski ekkert sáttur við það en þetta eru leikreglurnar og maður verður að reyna að spila sem best úr þeim. Megnið af þorskinum hefur maður líka keypt til sín til að geta látið þetta rúlla allt árið.

Við Hallgrímurbróðir minn stofnuðum fyrirtæki í fyrra og hann er að koma inn í útgerðina með mér. Við ætlum að reyna að gera þetta í sameiningu, trillusjómaðurinn og lækurinn. Mér líst rosalega vel á þetta núna eins og við erum búnir að stilla þessu upp.

En það er orðin mikil vinna í kringum þetta, bæði bókhaldslega og við ná í heimildir og það allt. Þetta snýst ekkert bara um að fara út á sjó og veiða. Ég vil helst bara sinna því en Hallgrímur verður meira í því að halda utan um þetta.“

Sjálfsbjargarviðleitnin ómetanleg

– En er ekki rosalega mikil vinna í kringum þessa báta? Það þarf að beita, sækja sjóinn, halda bátnum gangandi og fleira ...

„Ég hef oft verið spurður að því hvernig ég nenni þessu og hvort maður hafi nokkurn tíma fyrir fjölskylduna. En það er alveg hægt að gefa henni tíma, maður bara skipuleggur sig vel. Ég er meira heima hjá mér en togarasjómaður, t.d. þeir sem eru á frystitogurunum. Ég er heima á kvöldin og fer líka oft heim til mín í hádeginu þegar ég er að beita í brælum. Eins er ég heima á nóttunni, þannig að ég er ekkert endilega að vinna neitt rosalega mikið, þó að auðvitað sé þetta heilmikið stúss.“

– Menn hljóta að þurfa að búa yfir talsverðri kunnáttu og lagni til að geta stundað einyrkjaútgerð ...

„Jújú, það er heilmikið í þessu. Maður þarf að vera vélamaður og kokkur og inni í þessu öllu saman. Þegar kemur að vélaviðgerðum og öðrum stærri verkum fær maður menn með sér en ég

reyni að gera allt sem ég get sjálfur. Sennilega hef ég erfitt þetta frá föður mínum, að reyna að bjarga mér, láta hlutina ganga án þess að þurfa að kosta miklu til. Hún er alveg ómetanleg, þessi ríka sjálfsbjargarviðleitni – eins og pabbi er með og fólkið sem ólst upp á þessum afskekktu stöðum. Ég hef sennilega fengið eitthvað af því. Sumir kalla þetta þrjósku. Maður er kannski að fara út í hluti sem aðrir myndu sleppa eða hætta við, en ég reyni að fara milliveginn í þessu.“

Útgerðirnar gætu unnið meira saman

– Starfsumhverfi smábátasjómannanna virðist vera orðið mjög flókið. Eru farnar að fylgja þessu miklar viðskiptahugleiðingar við kvótaleigu og slíku?

„Jú, það liggur við að maður þyrfti að vera með lögræðing í vinnu hjá sér við að sinna þessum málum. Þetta er allavega ofsalega skrýtið umhverfi fyrir sjómann að vinna í. Nú er ég sjómaður og hef ekkert lært um svona hluti – er bara með pungaprófið. Maður þarf að ná sér í kvóta og spila á þetta allt saman og vera með allt á hreinu gagnvart Fiskistofu. Öll þessi leyfi og allt, það er rosalega mikið í kringum þetta.“

– Hvernig gengur að gera út með leigukvóta í dag?

„Að gera út á þorsk á línu í

dag og ætla að leigja allan kvótann er bara ekki hægt. Það dæmi gengur hreinlega ekki upp nema þú fáið svona 400 til 500 kíló á bala. Ég hef til dæmis verið frekar heppinn með mín mál að mörgu leyti og hef átt mjög góða samvinnu við Hraðfrystihúsið-Gunnvöru hérna í Hnífsdal undanfarin ár. Metnaðurinn hefur verið að landa öllum mínunum aflu í heimabyggð og ég hef lagt hann upp hérna hjá frystihúsinu undanfarin ár. Það hefur bara gengið vel. Mér finnst að stóru aðilarnir og við þessir minni hefðum getað átt mun meiri samvinnu í gegnum tíðina. Menn ættu að skoða þau mál betur. Milli þessara útgerðarflokka hefur verið töluverð togstreita undanfarið en þeir geta alveg unnið saman.“

– Hvaða fletir eru helst uppi á því?

„Til dæmis varðandi kvóta-leigu. Í kringum hana eru gríðarleg peningaútlát og maður hefur takmarkaðan aðgang að fé. En þessir stóru eiga hægara um vik í þeim efnum og maður hefur veitt fyrir þá. Ég fékk allavega dæmið til að ganga þannig. Línuútgerðin er stórt dæmi, sérstaklega þegar verið er að gera út með kannski 24 bala og fólk í landi til að beita. Ég er ekkert viss um að almenningur geri sér grein fyrir því hvað það eru miklir peningar sem þarf að leggja út, bara til þess að fara á sjó.“

Kostnaðurinn við að beita einn bala er kannski 3.000 krónur þannig að það má ekkert klikka. Að ekki sé talað um ef að verið er að leigja kvótann. Í þessu kerfi sem ég er í er kílóíð af þorski leigt á um 110 krónur þannig að þú byrjar á því að draga það frá aflaverðmætinu. Þú ert kannski að fá 150 kall fyrir fiskinn á markaðinum og því ekki mikið eftir.“

Í tveimur kerfum

– En nú ertu búinn að fá þér dagabát til að róa á líka ...

„Já, spurningin var hvernig ég gæti skaffað mér meiri vinnu, hvort ég ætti að fara út í það að leigja til mín meiri kvóta eða hvort ég ætti að fara þessa leið og bæta við dagabát. Verðið á varanlegum kvóta er bara orðið það hátt að dæmið einfaldlega gekk ekki upp. Ég fór að skoða dagaleyfin í haust og ákvað að reyna að ná mér í öflugan bát. Bara taka slaginn í því.“

Nú er búið að breyta þessu í klukkutímakerfi þannig að menn hafa sem samsvarar 21 degi til að spila úr. Þess vegna leist mér svona vel á þetta. Kerfið er orðið mun manneskjulegra eftir breytingarnar. Menn geta verið þetta 10 til 12 tíma á sjó og komið í land með betra hráefni í stað þess að vera úti heilan sólarhring. Þess vegna er hægt að vera bara 7 til 8 tíma – ef að kemur bræla þá fer maður bara í land.

Þetta er þannig mjög til bóta og vonandi fær þetta að vera í friði svona. Ég er allavega að stóla á það. Þetta eru rosalegar

fjárfestingar sem farið er í og óvissan mikil, sem er það versta í þessu. Ég er búinn að leggja mjög mikið undir því að ég hef þurft að kaupa mig svo mikið inn í þetta. Maður er ekkert sáttur við þetta kerfi í dag að öllu leyti. En leikreglurnar eru þessar, hvort sem manni líkar betur eða verr. Þá er eins gott að reyna að vinna í kerfinu og finna einhverjar smugur sem maður getur starfað í sæmilega sáttur. Ef maður fer í hina áttina og er að bölsótast og andskotast, þá gerir maður ekki neitt.“

Vilja fá að vera í friði

„Maður vinnur í þessu kerfi og fer eftir öllum reglum. Mér finnst ofsalega erfitt að hlusta á menn sem eiga að vera ábyrgir, jafnvel þingmenn og aðra, talandi um að þeir vilji breyta þessu öllu og taka kvótann af. Taka hann frá þeim sem eru búnir að kaupa hann og færa einhverjum öðrum. Óvissan er mikil og maður getur ekki gert áætlanir langt fram í tímann, það er bara vonlaust. Sérstaklega núna þegar eru að koma kosningar.“

Audvitað er hægt að færa margt til betri vegar í þessu kerfi en ég kann ekki við það þegar menn segjast ætla breyta kerfinu en segja ekkert frá því hvað eigi að koma betra í staðinn. Það gengur ekki að fara að setja fjölda manna á hausinn bara til að gera breytingar. Í smábátaútgerðinni hafa menn mikið til keypt sig inn. Það er varla nokkur eftir í dag sem fékk þessu úthlutað í upphafi og þeir eru þá búnir að bæta við sig heimildum síðan. Svo segja menn bara: Þið vissuð að hverju þig gengið þegar þið komuð inn í greinina.

Þetta er mjög óþægilegt að vinna við. Sérstaklega þetta tal um að menn hafi fengið allt gefins sem verið er að fódra fólk á. Ég hef ekki fengið þetta gefins. Ef menn bara vissu hvað sjómaðurinn þarf að borga til þess hreinlega að komast á sjó! Ég er búinn að stofna til heimikilla skulda til að fá þennan kvóta og get látið dæmið ganga upp. Þannig vil ég ekki að kvótinn sé tekinn af og maður verði skilinn eftir með skuldirnar. Það eru svo margar hliðar á þessu, ekki bara að menn hafi fengið kvótanum úthlutað upphaflega og séu svo að braska með hann. Fjölmargir sjómenn eru að vinna í þessu heiðarlega og eru að láta hlutina ganga. Þeir hafa þurft að leggja út í þennan ógurlega kostnað og vilja fá að vera í friði.“

– Ætlaðu að halda ótrauður áfram í útgerðinni?

„Já, ég trúi svo sterkt á þessa einyrkjaútgætur og er mjög bjartsýnn á framtíðina. Meðan maður hefur heilsu í þetta og áhuga, þá er alveg sama hverju þeir breyta í þessari ríkisstjórn. Ég finn mér alltaf leið. Ég væri ekki að fara út í fjárfestingar svona rétt fyrir kosningar nema ég væri bjartsýnn á þetta. Ég bara loka á það að þessu verði

Útgerðarfélagið Birnir ehf. í Bolungarvík

Dæmdir til greiðslu vegna kvótakaupa

Útgerðarfélagið Birnir ehf. í Bolungarvík var í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku dæmt til að greiða Útgerðarfélaginu Tjaldi ehf. rúmar 22 milljónir króna, auk vaxta og dráttarvaxta frá 1. desember 1999 til greiðsludags og hálftrar milljónar króna í málskostnað.

Mál þetta höfðaði Básafell hf. í ágúst síðastliðnum en við aðalmeðferð málsins

tók útgerðarfélagið Tjaldur við málsaðild eftir að Básafell var sameinað því félagi. Stefnandi hafði krafist rúmlega 25 milljóna auk vaxta og málskostnaðar en dómurinn féllst ekki á þá kröfu. Dómurinn er hins vegar í samræmi við kröfur stefnda um lækkan upp- hæðarinnar, en hann hafði einnig krafist þess að málskostnaður félli niður. Segja má að þrátt fyrir þennan dóm hafi Birnir ehf. í meginatrið-

um unnið sjálft málið eins og það lá fyrir dómnum.

Upphaf þessa máls var það, að Birnir ehf. keyptu af Básafelli hf. varanlegar veiðiheimildir fyrir 83 milljónir króna sumarið 1998. Málið reis vegna ágreinings um tilhögun á greiðslu eftirstöðva kaupverðsins. Erlingur Sigtryggsson dómstjóri Héraðsdóms Vestfjarða kvað upp dóminn.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði

Gagnrýnir kostnað og getu háhraðanetsins

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, sagði í samtali við Ríkisútvarpið að kostnaður skólans vegna nettengingar muni þrefaldast með tilkomu háhraðanets (FS-nets) menntamálaráðuneytisins. Því er ætlað er að tengja saman menntaskóla í landinu og Skýrr var falið að leggja það og reka að

undangengnu útboði.

Einnig sagði Ólína flutningsgetu netsins ekki vera í samræmi við fyrirheit. Lofað hafi verið 100 megabitum en í reyndinni hafi einungis fengið 9 Mb flutningsgeta. Fleiri skólameistarar eru ósáttir netisins. Því er ætlað er að tengja saman menntaskóla í landinu og Skýrr var falið að leggja það og reka að

hafi látið undan þrýstingi ráðuneytisins þegar skrifað var undir viljayfirlýsingu skólanna um að tengjast háhraðanetinu.

Samkvæmt fréttum Mbl. hafa Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn við Sund, Menntaskólinn í Reykjavík og Verkmennaskólinn á Akureyri ekki tengst netinu enn, auk Mí.

breytt til hins verra, ég bara trúi því að menn fari ekki út í fleiri breytingar nema þær verði til bóta.“

Fór að hlakka til strax eftir jól

– Á kannski að renna á nýja bátnum í Hornbjarg í vor?

„Já, það er alveg öruggt. Ég fékk nú ekki að fara með í bjargið fyrr en ég varð 17 ára gamall. Mamma hleypti mér ekki fyrr. En ég er búinn að fara með föður mínum á hverju ári síðan. Þetta eru orð-

in um tutttu ár. Við fórum alltaf þangað tveir og héldum úti í kannski vikutíma og fórum í bjargið. Það var rosalega gaman og maður býr alltaf að því. Þetta verður svo sterk tilfinning. Maður hefur svo sem lent í hættu en það reddaðist alltaf. Að fylgjast með pabba og hvernig hann gekk um bjargið, það var alveg ótrúlegt, bara á gúmmístígvélum og bandlaus. Maður elti hann bara, hann var einhvern veginn ekkert að banna mér að fara á þessa staði. Ég myndi aldrei leyfa syni mínum þetta.

En það var alveg fastur liður að fara norður í björgin á vorin og maður fór að hlakka til strax eftir jól. Undanfarin ár hefur pabbi verið heilsuminni en við höfum samt alltaf farið. Núna gerum við þetta bara til gamans til að halda þessum tengslum. Við fórum í Hornbjarg og veljum úr skemmtilegustu staðina. Þetta er ekki eins ægileg útgerð á okkur og var hérna áður“, segir náttúruunnandinn Davíð Kjartansson, sem hyggst halda áfram að gera það sem hann gerir best, að sækja sjóinn.

Stuttar af bb.is

3X-Stál sýnir í Boston

Tæknifyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði tekur nú í sjöunda skiptið þátt í hinni árlegu sjávarútvegssýningu Boston Seafood Show. Sýningin hófst í gær og lýkur á morgun. Jón Páll Hreinsson, markaðsstjóri 3X-Stáls, segir fyrirtækið jafnan leggja mikla áherslu á þátttöku í sýningunni og reynt sé að kynna þar nýjar vörur og nýjar hugmyndir. Þátttakan sé tækifæri til að eiga samskipti við núverandi viðskiptavinum í Bandaríkjunum, Kanada og víðar en auk þess gefi hún færi á að mynda tengsl við nýja viðskiptavinum til framtíðar. Rúmur tugur íslenskra fyrirtækja tekur þátt í sýningunni sem er ein sú mikilvægasta á sínu sviði.

Harður árekstur

Tveir bílar rákust saman í beygjunni á mótum Holtabrautar og Stórhólts á Ísafirði í mikilli hálfu á miðvikudag í síðustu viku. Áreksturinn var nokkuð harkalegur og annar bílanna skemmdist það mikið að kranabíl þurfti til að koma honum í burtu. Ekki munu hafa orðið alvarleg meiðsl á fólk við þetta umferðaróhapp. Þó mun einn sem var í öðrum bílanna hafa kvartað undan eymslum í hálsi.

Ragnheiður ósátt

Ragnheiður Hákonardóttir, fyrsti varapingmaður Sjálfstæðisflokksins í Vestfjarðakjördæmi, segir það sérkennilegt vinnubrögð hjá kjörnefnd flokksins í hinu nýja Norðvesturkjördæmi að ekkert samband skuli hafa verið haft við hana varðandi framboðsmálin og skipan framboðslista flokksins í kjördæminu. „Ég hef ekki fengið nein- ar skýringar á því hvers vegna ég er ekki á listanum“, segir Ragnheiður og kveðst hafa reynt án árangurs að ná sambandi við formann kjörnefndar, Jóhann Kjartansson í Borgarnesi. „Ég fékk að vísu ekki bindandi kosningu í prófkjörinu en ég hélt samt að prófkjörið yrði haft til hlíðsjónar við skipan á listann. Ég hef ekki verið spurð álits um eitt eða neitt. Hins vegar er tekin einhver óþekkt kona sem tók ekki þátt í prófkjörinu og sett í áttunda sæti.“



SÆLKERARVÍKUNNAR

ERU ANNA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR
OG GÍSLI JÓN HJALTASON

Kaffilamb

Ástralir eru miklir fjárbændur og þekktir fyrir að bjóða upp á gott lambakjöt eins og við viljum einnig gera. Á síðasta ári var skiptinemi frá Ástralíu á heimili okkar skiptinemi frá Ástralíu, hún „Tammý“. Faðir hennar kryddar oft lambakjöt með kaffi og líkar vel. Við ætlum lesendum ekki að þiggja leiðbeiningar um hvernig á að elda lambakjöt en mælum þó með steikingu við frekar vægan hita. Súpan er ættuð frá Spáni.

Hvítlaukssúpa

Olía (um 6 msk) hituð á þönnu. 5-10 hvítlauksrif afhýdd og sneidd ásamt hálfum sneiddum lauk og álíka miklu af þúrrulauk. Steikt í 5 mínútur og sett til hliðar. 2 franskbrauðsneiðar skornar í teninga og þeir steiktir þar til þeir verða gullnir á lit (5 mínútur). Sett til hliðar. 10 dl grænmetissoð útbúið í potti, hvítlauknum og lauknum bætt út í, saltað og piprað og látið sjóða í 8 mínútur. 4 eggjum bætt út í og soðið skamma stund. Þegar súpan er borin fram er brauðteningunum og parmesanosti stráð yfir.

Kaffi-lambalæri

Kryddlögur:

2 msk Neskaflí (instant-kaffi)
4 msk hunang
ca 1½ bolla af heitu vatni bætt í þar til kaffi og hunang er bráðið



Kryddleginum smurt á kjötið (má bæta hvítlauk við ef vill). Látið kryddlöginn standa á kjötinu í nokkrar klukkustundir eða yfir nótt. Saltið og piprið. Steikið kjötið að eigin smekk. Sósan og meðlæti að eigin vali.

Með þessu má drekka rauðvín frá Ástralíu, t.d. Wolf Blass Yellow Label, Cabernet Sauvignon. Dökkur ávöxtur, bláber, kryddað, reykt og sýrumikið. Einar Thór væri vís með að finna angan af lakkrís og kókoshnetu!!

Stærkt kaffi!

Við köstum boltanum yfir í Pólgötuna til hins fræga snilldarkokks Magnúsar Haukssonar og hans ágætu eigin konu Ragnheiðar Halldórsdóttur. Þeir sem hafa smakkað rétti Magnúsar gleyma því seint.



Ágúst Gíslason með stórhýsið Neista í baksýn, en þar eru m.a. Samkaup og Héraðsdómur Vestfjarða til húsa.

Ágúst Gíslason, framkvæmdastjóri Ágústs og Flosa ehf. á Ísafirði

Einkarekstur húseigna ætti að taka upp víðar

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði á og rekur húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Suðureyri og Héraðsdóms Vestfjarða á Ísafirði gegn leigusamningi við stofnanirnar. Ágúst Gíslason hjá Ágústi og Flosa segir þessa aðferð horfa vel við, hún sé eðlileg stefnubreyting af hálfu hins opinbera og af hinu góða.

„Þessi þróun ætti að eiga sér stað víðar, til dæmis hjá sveitarfélögum. Ráðuneyti og sveitarstjórnir eru stjórnsýslu-

apparöt sem eru til þess að sjá um þjónustu við íbúana. Þau þurfa að hafa svigrúm til þess að auka eða minnka þjónustuna og ættu því ekki að vera bundin af húsnæði“, segir Ágúst.

Ísafjarðarbær hefur nýverið stofnað sérstakt einkahlutfélag um rekstur fasteigna sinna og segir Ágúst það vera í takt við þróunina hjá hinu opinbera og í einkageiranum. „Rekstur húsnæðis er mikil starfsemi út af fyrir sig og embættismenn eru varla hæf-

ari til að reka fasteignir og halda við en þar til bærir iðnaðarmenn. Sem dæmi má nefna að Samkaup rekur nálega 30 verslanir en á tvær húseignir og Húsasmiðjan á engin hús lengur“, segir hann.

Ágúst segir þetta ekki eingöngu eiga við um rekstur núverandi fasteigna heldur geti nýframkvæmdir vel fallið að þessari aðferð. „Það er ekkert sem segir þegar t.d. bæjarsjóð vanhagar um sundlaug eða íþróttahús, að þeir þurfi að ráða til sín hönnuði og stússast

í þessu sjálfir heldur geta þeir mótað sínar kröfur og notað alútboð eða kaupleigufyrirkomulag. Það hefur verið lagst á háls sumra sveitarfélaga eins og Hafnarfjarðarbæjar fyrir að fara þessa leið, en það er alveg ljóst að þeir sem gagnrýna þetta reikna ekki dæmin til enda. Það er enginn vandi að reikna út rekstrarkostnað og láta húsnæðið vera viðhaldslaust þangað til það er ónýtt“, sagði Ágúst Gíslason, framkvæmdastjóri Ágústar og Flosa ehf í samtali við blaðið.

MAÐUR VÍKUNNAR

Ætlaði að verða bíóstjóri



Nafn: Jón Sigurpálsson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: 2. ágúst 1954.

Atvinna: Safnvörður / myndlistarmaður.

Fjölskylda: Eiginkonan heitir Margrét Gunnarsdóttir og börnin Gunnar og Rannveig.

Helstu áhugamál: Lífið sjálft.

Bífreið: Renault árgerð 1999.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Aðeins yngri Renault.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Bíóstjóri.

Uppáhalds matur? Skyr og hafragrautur er vel boðlegt.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Hræringur.

Uppáhalds drykkur? Öl og vatn.

Uppáhalds tónlist? Heimstónlist.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? FC Feitafélagið og Formaðurinn.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Efni mánudaga er ágætt á RÚV.

Uppáhalds vefsíðan? FC Feitafélagið.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Sú fyrsta sem ég sá.

Fallegasti staður hérlendis? Laugarnesið.

Fallegasti staður erlendis? Singel.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Mátulega.

Uppáhalds heimilistækið? Gunna.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að vera með fólki.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Hégómi.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Að vera ekki innan um hégóma.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Þegar mér var kastað af þaki Vensa.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ýmsu.

Lífsmottó? Að lifa lífinu lífandi.

Úlfar Snæfjörð Ágústsson skrifar

Ísfirskt tónaflóð

Kjarkur og bjartsýni þeirra, sem nú eru að setja á svið á Ísafirði söngleikinn Sound of Music, er aðaun- arverður. Það er varla nema á færi stórra leikhúsa eða söngleikjahalla að eiga við verk af þessari stærðargráðu.

Að sýningar skuli verða í gömlu fiskvinnsluhúsi gefur til kynna að aldeilis óhefðbundnar leiðir eru farnar undir faglegri stjórn okkar landsins bestu leik- og tónlistarstjórnenda.

En til að náist að standa undir kostnaði þarf marga áhorfendur. Þótt við Ísfirðingar og nágrannar ætlum að mæta, þá er spurning hvort við getum ekki tekið undir með þessu bjartsýna að reikna út rekstrarkostnað og láta húsnæðið vera viðhaldslaust þangað til það er ónýtt“, sagði Ágúst Gíslason, framkvæmdastjóri Ágústar og Flosa ehf í samtali við blaðið.

Hér vestra eru margs konar félagasamtök með tengla út um allt land. Hvernig væri að félög hér vestra eins og Lions, Kiwanis, Rótarý, JC, Zontur, Frímúrarar og Odd-

fellowar efndu til heimsóknar? Tækju frá einhvern tiltekinn fjölda miða á einhverja sýninguna og hefðu það sem hluta af skemmtilegu helgarþrógrammi fyrir tiltekið félag?

Þá er rétt að benda öllum áttahagafélögunum á höfuðborgarsvæðinu á, að nú væri gaman að taka sig saman og skreppa vestur yfir helgi. Hitta ættingja og vini og njóta saman stórkostlegs listviðburðar. Hvernig væri að t.d. Vesturferðir settu saman pakka með gistingu, mat og miða og semdi við Flugfélagið og aðra þjónustuaðila um skemmtilega helgarferð?

Þetta framtak Litla leikklúbbsins og Tónlistarskóla Ísafjarðar er svo stórmerki-legt, að það beinlínis kallar á okkur hin að leggjast á árina með þeim.

Sjáum til þess að tónaflóðið fylli þéttskipaðan sal á öllum sýningum.

– Úlfar S. Ágústsson.

KFÍ varð deildarmeistari með yfirburðum og glæsibrag

Úrslitakeppnin um sæti í úrvalsdeild byrjar á Torfnesi á föstudagskvöld

Körfuknattleiksfélag Ísa-fjarðar (KFÍ) sigraði með yfirburðum í 1. deildinni í körfubolta eins og unnendur íþróttarinnar vita. Ekki er þó allt búið enn, þótt deildarmeistaratitlinum sé náð, því eftir er keppni fjögurra efstu liða um sæti í úrvalsdeildinni (Intersportdeildinni) á næstu leiktíð.

Úrslit urðu þau í 1. deild, að KFÍ fékk 28 stig úr 16 leikjum,

vann fjórtán leiki og tapaði aðeins leikjunum tveimur á móti Reyni í Sandgerði. Lengi framan af mótinu virtist allt stefna í öruggan sigur Reynis en í seinni hlutanum gekk flest á afturfótunum hjá liðinu og það tapaði hverjum leiknum á fætur öðrum, sumum með miklum mun fyrir liðum sem voru miklu neðar á töflunni. KFÍ stæltist hins vegar með hverri raun og skorið í lokin

var 1467 stig á móti 1253 eða 214 stig í plús. Það er margfalt meiri stigamunur en hjá nokkru öðru liði.

Í öðru sæti í deildinni varð Þór í Þorlákshöfn með 22 stig, Reynir í Sandgerði endaði með 20 stig og í fjórða sæti varð Ármann/Þróttur með 18 stig. Þessi lið keppa til úrslita en í fimmta sæti varð síðan Fjölnir með 14 stig.

Úrslitakeppnin byrjar núna

á föstudaginn kl. 20 en þá á KFÍ heimaleik á móti Ármanni/Þrótti. Í úrslitakeppninni er það regla að lið nr. 1 og 4 mætast og lið nr. 2 og 3. Það lið sem er ofar á fyrsta heima-leik, svo og oddaleik ef til hans kemur. Síðari leikurinn á móti Ármanni/Þrótti, ef þeir verða aðeins tveir, verður leikinn í Laugardalshöllinni á sunnudag. Ef liðin vinna sitt hvorn leikinn verður oddaleikur í

íþróttahúsinu á Torfnesi miðvikudaginn 19. mars kl. 20.

Sigurvegararnir úr einvígi KFÍ og Ármanns/Þróttar og úr einvígi Þórs í Þorlákshöfn og Reynis í Sandgerði eigast við í hreinum úrslitaleik föstudaginn 23. mars.

Oft var þörf en nú er nauðsyn að fjölmenna í Jakann á föstudagskvöldið og styðja við bakið á KFÍ í baráttunni fyrir sæti í úrvalsdeild á næstu

leiktíð.

Liðinu var boðið að leika í efstu deild á þessari leiktíð en forsvarsmenn þess töldu liðið ekki undir það búið. Betra væri að leika í 1. deild í vetur og byggja liðið upp og vinna sig upp um deild af eigin rammleik. Nú vantar aðeins herslumuninn á að sá áfangi sé í höfn.

Flugfélag Íslands

Ekkert flug fyrirhugað á föstudaginn langa og páskadag

Ekkert flug til Ísafjarðar er á áætlun hjá Flugfélagi Íslands á föstudaginn langa og páskadag. Arnór Jónatansson, umdæmissjóri Flugfélagsins

á Ísafirði, segir eftirspurn ekki nægjanlega til að halda úti flugi á þessum helgidögum.

„Þetta hefur verið reynt í tvígang á öðrum stöðum og

dagarnir eru ekki það vel nýttir að við sjáum ástæðu til að halda úti ferðum. Við munum hins vegar nota þá til flugs ef ófært er dagana á undan“, seg-

Húsafríðunarnefnd ríkisins

Styrkur veittur til húsa-könnunar í Bolungarvík

Húsafríðunarnefnd ríkisins hefur ákveðið að veita 750 þúsund króna styrk úr húsafríðunarsjóði til húsakönnunar í Bolungarvík. Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar, heimsótti Bolungarvík laust fyrir síðustu jól og sat fund menningarráðs Bolungarvíkur, þar sem farið var yfir lista um merk hús í bæjarfélaginu og farið í skoðunarferð. Í framhaldi af því var sótt um styrk til húsakönnunar í bæjarfélaginu, en þar er um að ræða úttekt á byggingum sem teljast merkilegar frá menningarsögulegu eða

byggingarsögulegu sjónarmiði.

Hlutverk húsafríðunarsjóðs lögum samkvæmt er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafríðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber enn fremur að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Styrkveitingin til Bolungarvíkur er bundin því skilyrði, að húsakönnunin verði gerð í

samráði við Húsafríðunarnefnd og haft verði samráð við nefndina um ráðningu arkitekts til verksins. Styrkurinn fellur niður um næstu áramót ef hann er ekki nýttur, nema sérstaklega sé sótt um frestun, og verður þá tekin afstaða til þess. Menningarráð Bolungarvíkur hefur þetta mál með höndum af hálfu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Meðal merkustu húsa í Bolungarvík má nefna Hólskirkju. Hún er timburkirkja, tilsníðin í Noregi og reist 1908 eftir teikningum Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts.

Hólsvélar ehf. í Bolungarvík

Með lægsta boð í vegaframkvæmd í Dýrafirði

Hólsvélar ehf. í Bolungarvík áttu lægsta tilboð í lög stálplöturæsis í Ausuá í Dýrafirði ásamt tilheyrandi fyllingu, burðarlagi og frágangi, svo og breikun vegar neðan Bræðrabrekku á 160 metra kafla ásamt endurnýjun rofvarnar.

Sex tilboð bárust og var gríðarlegur munur á hæsta og lægsta tilboði. Tilboð Hólsvéla var rúmlega 1,9 milljónir

króna en hæsta tilboð átti Ingi-leifur Jónsson ehf., Svínavatni, rétt tæpar 7 milljónir króna.

Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar var rúmlega 3,8 milljónir króna, þannig að tilboð Hólsvéla ehf. var aðeins 50,9% af kostnaðaráætlun en tilboð Ingileifs var 183,3% af kostnaðaráætlun. Munurinn á tilboðunum var því rúmar fimm milljónir króna. Tilboð-

in voru opnuð fyrr í þessari viku.

Græðir sf. á Flateyri bauð tæplega 2,4 milljónir (62,2% af kostnaðaráætlun), Tígur ehf. í Súðavík bauð rúmlega 2,4 milljónir (63,6%), Brautin sf. Þingeyri bauð tæplega 3 milljónir (77,4%) og Kubbur ehf. á Ísafirði bauð rétt tæpar 4 milljónir króna (94,4%). Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. júlí í sumar.



Ísafjarðarflugvöllur.

ir hann. Eins og kemur fram á bls. 12 í blaðinu í dag segir Flugmálastjórn ekkert til fyrirstöðu af sinni hálfu að flogið verði til Ísafjarðar á

þessum helgidögum eða öðrbls. 12 í blaðinu í dag segir Flugmálastjórn ekkert til fyrirstöðu af sinni hálfu að flogið verði til Ísafjarðar á

þessum helgidögum eða öðrum, ef sótt er um þjónustu í tæka tíð. Bæjaryfirvöld á Ísafirði og forsvarsmenn Skíðavíku Ís-

firðinga hafa látið í ljós óskir um að áætlunarflug verði milli Ísafjarðar og Reykjavíkur þessa daga.



FLÍSAR og FLÍSALAGNIR

á gólf og veggj á mjög góðu verði

Ætla þú að mála í sumar?

Núna er rétti tíminn til að panta háþrýstipvott

Við höfum bætt við þjónustu okkar

STEINSÖGUN og KJARNABORUN

Vantar þig íbúðarhús?

Erum með tilbúna teikningar af húsum á Tunguskeiði



Sími: 861 1442 og 456 4061

Gerum föst verðtilboð



Vill helst geta gert a

Messíana Tómasdóttir er leikmyndahöfundur, sannkölluð fjöllistakona sem hefur lært á textíl, grafík, leikmyndateiknun og brúðuleikhús. Hún er líka afar tónelsk og laðast að verkefnum með tónlistarlegu innihaldi. En hún er ekki bara hönnuður eða hugsuður heldur líka framkvæmda- og handverkskona. Hún rekur sitt eigið brúðuleikhús og segist helst vilja vinna alla hluti sjálf niður í smæstu atriði. Teikna og hanna, sníða búninga og festa tölur.

Tómas Albertsson, faðir Messíönu, var Ísfirðingur og hún á hlýjar minningar frá dvöl með föðurfólki vestra á hverju sumri þar til hún varð 12 ára gömul. Nú hefur hún snúið til baka eftir 50 ára fjarveru til að vinna að leikmynd Söngvaseiðs (Sound of Music) í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur.

„Ég var svo mikið hérna á sumrin að það má segja að ég líti á Marsellfúsarbornin sem systkini mín, enda var komið fram við mig þannig. Við Messíana nafna mín Marsellfúsdóttir vorum eins og systur enda ekki nema eitt ár á milli okkar. Ég er líka yngst af níu barna hópi þannig að ég held að mig hafi alltaf langað til að eignast yngra systkini. Ég veit

ekki alveg hvenær pabbi minn flutti héðan en ég held að hann hafi verið talsvert ungur. Hann lærði á óbó á Ísafirði og var meðal annars óbóisti en starfaði líka sem prentari. Pabbi var einn af stofnendum Tónlistarfélagins í Reykjavík og fékk þess vegna alltaf miða á tónleika félagsins. Þannig fékk ég tónlistaruppeldi og fór á alla tónleika

frá því að ég man eftir mér. Auðvitað var heilmikið ævin-týri að hlusta á þessa heimsfrægu hljóðfæraleikara og söngvara í Austurbæjarbíói og Þjóðleikhúsinu. Þetta var það skemmtilegasta sem ég gerði og með því að hlusta svona mikið á klassíska tónlist sem barn fór ég strax að kunna mjög vel við nútímatónlist. Ég hef sótt mikið í hana og unnið mikið með modernísk-um tónskáldum.

Þegar ég kom að utan úr námi, þá atvikaðist það til dæmis þannig að ég fór að vinna með leikfélaginu Grímu sem samanstóð af atvinnuleikurum. Þar var Magnús Blöndal Jóhannsson einmitt að vinna að tónlistinni sem var mjög ánægjulegt. Þetta eru mínar ær og kyr.“

Alltaf með bestu hljóðfæraleikarana

Messíana var valin Borgarlistamaður Reykjavíkur árið 1983 og fékk þá starfslaun til að setja upp brúðuleikhússýningu. „Ég fékk Karólínu Eiríksdóttur til að semja fyrir

mig tónlistina og hún var mjög falleg. Þar með komst ég upp á það að vera alltaf með bestu hljóðfæraleikarana en tónlistin var flutt á sviðinu af þeim Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, Sigfús Birgi á píanó og Óskari Ingólfssyni klarinettuleikara. Við höldum sýninguna um Norðurlönd og sendum alltaf nóturnar á undan okkur. Þannig vorum við alltaf með nýja og nýja hljóð-um færaleikara og þess vegna nýja túlkun á verkinu í hvert skipti.

Seinna vann ég með finnsku tónskáldi, Patrick Kosk, að verki sem hét Sjö spegilmyndir og var farið með það víða um Norðurlönd. Þriðja verkið sem ég vann var svo með Ís-firðingnum Hjálmari H. Ragnarsyni. Það var barnaóperan Sónata sem við sýndum í Íslensku óperunni. Fjöldamörg börn sáu þessa sýningu, þau komu í hópum frá leikskólum og grunnskólum. Náms-gagnastofnun tók hana upp á myndband og hefur 10 ára sýningarrétt á því.

Ég tók svo aftur upp þráðinn með Karólínu og við unnum

að óperuleik fyrir fullorðna þar sem Árni Ibsen skrifaði textann. Þetta verk hét Maður lifandi. Árni skrifaði einmitt leikritið sem Menntaskólinn færði upp á Sólríshátíðinni í ár. Fyrir rúmu ári gerði ég svo eina barnaóperu sem hét Skuggaleikhús Ófelíu. Lárus Grímsson samdi tónlistina við hana. Nú er Kjartan Ólafsson að semja tónlist fyrir nýja óperu þar sem við ætlum að höfða til aldurshópsins 9-15 ára. Ég hef frétt að unglíngar-nir komi til að sjá Rómeó og Júlíu þannig að ég ætla að skoða þá sýningu og reyna að sjá hvað það er sem dregur að þar. En þetta er erfiður aldur að ná til. Þau eru svo ofsalega gagnrýnin og þess vegna er þetta spennandi viðfangs-efni.“

Hefur aldrei sóst eftir fastráðningu

Messíana lærði leikmyndahönnun og hefur starfað við fagið í um þrjátíu ár, bæði í íslensku atvinnuleikhúsum og erlendis. Samtals hefur hún tekið þátt í liðlega 60 sýning-

um með atvinnumönnum. Litafræði og leikmyndateiknun í brúðuleikhúsum hafa verið Messíönu hugleikin viðfangsefni en hún hefur kennt báðar greinarnar hér heima og erlendis. Fræðin hefur hún að mestu sótt til útlanda.

„Ég lærði aðallega í Árósum í Danmörku. Svo fór ég til Frakklands til að læra leikbrúðugerð. Hér heima var ég í Myndlista- og handíðaskólanum en í Færeyjum lærði ég vefnað og síðan grafík. Í Færeyjum er mjög mikið af fínun myndlistarmönnum og námið þar var mjög góður grunnur fyrir mig. Ég hef líka teiknað frá því að ég man eftir mér. Alltaf verið að búa til leikhús og brúður. Það býr í mér einhver sköpunarþörf.“

– Þú virðist starfa á mjög breiðu sviði ...

„Þegar maður starfar í leikhúsinu sem leikmynda- og búningahöfundur, þá þarf maður að vera inni í öllum fjandanum. Til dæmis kenndi ég handavinnu á Norðfirði í fimm ár og var þá með alls konar aðferðir í gangi – litun og hnýtingar, brúðugerð,



Alt sjálf

– listakonan Messíana Tómasdóttir er komin á Ísafjörð á ný eftir fimmtíu ár

myndvefnað og fatasaum. Í þessari vinnu þarf maður að vita skil á textíl, bæði þrykki, vefnaði og öðru slíku – það er náttúrlega algjör grunnur. Leikmyndahöfundur þarf líka að vera verkstjóri og geta sagt til um hvernig eigi að búa til hlutina og vera inni í ansi mörgu. Í mínu litla leikhúsi get ég ekkert verið að ráða fólk til allra hluta. Þess vegna geri ég mest sjálf og það gengur bara vel. Mér finnst það líka svo skemmtilegt. Við Íslendingar höfum þetta í okkur. Við erum svo fá og þurfum að vera inni í öllu.“

– Hvernig eru starfsaðstæður í þínu fagi? Hefurðu t.d. verið fastráðin sem leikmyndahöfundur við leikhúsin?

„Nei, ég hef aldrei sóst eftir fastráðningu. Ég hef lagt svo mikið upp úr frelsinu. Stundum kemur það manni í koll og minna fæst að gera. En þá get ég, eins og ég hef gert síðustu 5 til 10 árin, sinnt öllum hlut-

um í mínu eigin leikhúsi og haldið myndlistarsýningar. Nú orðið má ég ekkert vera að því að vinna mikið í leikhúsunum.

En mér finnst mjög gaman að barnaleikhúsi og hef gert mikið af barnasýningum, sérstaklega í Þjóðleikhúsinu. Eins vinn ég alltaf annað slag-ið með Möguleikhúsinu sem er barnaleikhús og hef alltaf sett upp með þeim eins og eina sýningu á ári. Það finnst mér rosalega skemmtilegt og þá geri ég eins og ég geri í mínu litla leikhúsi – sauma og geri allt sjálf.“

Jafnvíg á atvinnuleikhús sem áhugafélög

– Hvaða aðferðum beitirðu núna í Söngvaseiði?

„Ég má náttúrlega ekkert vera að því að ætla að gera allt sjálf frá grunni hér, þetta er svo stór sýning. En ég byggji mikið á uppsetningunni sem

var hjá Leikfélagi Akureyrar af því að ég hannaði hana á sínum tíma fyrir fjórum eða fimm árum. Við fáum alla búa-ingana þaðan lánaða og notum þá sem passa. Eins fáum við mikið lánað annars staðar og svo saumum við nokkra og breytum og bætum eins og tilheyrir.

Alla leikmyndina þurftum við náttúrlega að smíða frá grunni en byggjum samt á sömu hugmynd og fyrir norðan. Annars hefði þetta orðið mikið meira fyrirtæki. Við spörum okkar mikla forvinnu með því að hafa þennan hugmyndagrunn. En hér er mjög fært fólk og þetta gengur vel. Fín vinnubrögð á öllu – smíði, málun og öðru slíku.

– Á þessari sýningu ertu ekki að vinna með atvinnufólki eins og þú ert kannski vönust. Hvernig leggst það í þig?

„Veistu, ég bjó í fimm ár á Norðfirði og var þá á kafi í leikfélaginu. Gerði allar leikmyndir og saumaði alla búa-inga. Það var mjög mikið líf í leikfélaginu þessi ár. Mikið af virkum kennurum starfandi í félaginu og það endaði með því að við vorum komin með elstu nemendurna úr gagnfræðaskólanum líka. Þannig hef ég unnið mjög mikið með áhugaleikfélögum og eins að uppsetningum í menntaskólum. Við Þórhildur unnum saman að sýningu í Menntaskólanum á Akureyri og svo hef ég unnið mikið í Færeyjum með bæði áhugaleikurum og atvinnuleikurum. Mér finnst þessi eldmóður í áhugaleikurum svo skemmtilegur. Allir leggja svo mikið á sig og eru svo ósérhlífir. Leggja kvöld og helgar undir þetta – fólk einhvern veginn telur ekkert eftir sér.“

– Er kannski einhver annar andi sem næst í áhugaleikhópum?

„Já, það verður einhver annar andi – einhver gleði sem er mér mikils virði. Svo finnst mér gaman í sambandi við þetta verkefni hér að ég er að kynnst aftur frændfólkinu mínu. Það eru til dæmis í þrjár frænkur mínar og einn frændi að leika í Söngvaseiði. Þegar ég kom hingað til Ísafjarðar, þá byrjaði ég á því að hitta sjö frænkur mínar fyrsta daginn.“

Víðföruall eyjarskeggi

– Þú hefur komið víða við á ólíkum stöðum í gegnum tíðina ...

„Já, ég hef gert það. Þegar ég var 18 ára fór ég til útlanda og var ekkert búin að skipuleggja það. Ég þurfti bara að komast út eins og hver annar sannur eyjarskeggi og sneri ekki aftur næsta áratuginn. Ég reyndar kom í sumarheimsókn eftir fimm ár en bjó í útlöndum í tíu ár. Ég fór fyrst til Danmerkur, var svo í Hollandi og lærði í Bretlandi. Fór til Færeyja og kom svo aftur til Danmerkur og lærði þar áður en ég kom heim.

Það var þannig mikið flakk á mér. Ég var líka í Grænlandi eitt sumar á þessum tíma. Eins

hef ég unnið mikið í Finnlandi og kenndi þar á alþjóðlegri leiklistarhátíð. Þar var alltaf talsvert mikil áhersla á barnaleikhús og brúðuleikhús og ég kenndi þar í fimm sumur og var með námskeið og fyrirlestra. Ég hef líka unnið aðeins í Póllandi, Bandaríkjunum og víðar, þannig að þetta hefur verið svolítið flakk.“

– Finnst þér margt hafa breyst síðan þú komst síðast vestur?

„Ég var hérna síðast þegar ég var 12 ára og að sjálfsögðu hefur allt breyst eins og annars staðar á þessum tíma. En mér finnst sérstaklega gaman að koma aftur á Austurveg 7. Þar finnst mér allt vera eins og ég skildi við það – Faktorshúsið, Alþýðuhúsið og Sundhöllin, allt á sínum stað. Þetta var minn heimur og þegar gestir komu í heimsókn, þá vorum við Messí frænka sendar eftir rjóma en flæktumst og drolluðum á leiðinni og vorum

jafnvel búnar að strokka rjómann áður en við komumst til baka og þá þurfti að senda okkur aftur.

Nú á ég ekki eftir að biða önnur 50 ár eftir að koma fyrst ég er búin að brjóta ísinn. Maðurinn minn hefur dvalist á Hornströndum og kann ákaflega vel við sig þar. Það hefur staðið til að ég færi með honum en það hefur ekki orðið af því ennþá. En hann sagði við mig, að þó ég væri búin að fara til Ísafjarðar núna, þá færum við samt aftur í sumar. Mér líður virkilega vel hérna og finnst bara eins og ég sé komin heim.“

Glæsilegt framtak

– Nú er framundan annasamur tími við lokaæfingar á Söngvaseiði ...

„Já, eins og tilheyrir og er alltaf. Við erum að lýsa núna og það er talsvert verk, við erum með svo stórt leiksvæði. Sviðið sem við nýtum er 11

metrar á breidd og meira en 8 metrar á dýpt. Í Söngvaseiði eru líka margar senur – stórir kórar og margt í kringum þetta. En þetta er virkilega glæsilegt framtak og margir sem koma að því. Fjölmargin eru beinir þátttakendur í sýningunni. Ef allir eru taldir með sem lána okkur eitthvað, gefa okkur eitthvað eða leggja okkur lið á annan hátt, þá er það virkilega stór hópur.“

Að svo búnu máli kveðjum við Messíönu, eða Messí eins og hún er jafnan kölluð. Miklar annir fylgja þessari Ísafjarðarferð hennar og eini lausi tíminn sem gefst til viðtals er síðdegis á sunnudegi meðan hún situr yfir sýningunni sem hún er með í Edinborgarhúsinu. Nú er kominn tími til að loka sýningunni í dag og snúa sér að öðrum verkum. Við kveðjum þessa fjölhæfu og víðförlu konu og þökkum henni fyrir spjallið.



5. alheimsmeistaramótið í víkingaskák

Gylfi Ólafsson sigraði af öryggi

Gylfi Ólafsson sigraði á fimmta alheimsmeistaramótið í víkingaskák sem fram fór á Ísafirði um helgina. Hann vann allar sínar skákir og hlaut 6 vinninga. Í

öðru sæti varð Skúli Þórðarson með 4 vinninga, en hann varð fyrsti alheimsmeistarinn í víkingaskák árið 1999. Gylfi sem núna sigraði af öryggi var aðeins hársbreidd frá meistara-

tign fyrir tveimur árum en þá tapaði hann í úrslita- viðureign fyrir Halldóri Pálma Bjarkasyni eftir að þeir höfðu orðið jafnir í efsta sæti.

Víkingaskákin mun hvergi vera iðkuð reglulega nema á Ísafirði, svo vitað sé. Skákmenn á öllum stigum hafa þó reynt hið nýstárlega tafl. „Manngangur víkingaskákarinnar er auðlærður en það tekur svolíttinn tíma að átta sig á stefnunum á borðinu“, sagði Friðrik Ólafsson stórmeistari þegar hann hafði kynnt sér tafl-ið.

„Ég býst við að það verði að byggja upp skákfræði fyrir víkingaskákina frá grunni; þó eru ýmsar meginreglur sem halda sér, eins og að hafa sterkt miðborð, að koma mönnum fljótt fram og veikja ekki kóngsstöðuna, en aðferðin til að gera það verður allt öðruvísi í víkingaskák“, sagði Friðrik.



Gylfi Ólafsson, alheimsmeistari 2003 (til hægri) teflir við Skúla Þórðarson, fyrsta alheimsmeistarann árið 1999.

Árlegt kúttmagakvöld Lionsmanna á Ísafirði

Lifrar- og mjölmagar meðal veisluréttar

Lionsmenn á Ísafirði héldu sitt árlega kúttmagakvöld á Hótel Ísafirði á föstudag. Halldór Halldórsson bæjarstjóri sá um veislustjórn og þótti honum farast það vel úr hendi. Boðið var upp á afar fjölbreytt sjávarréttahlaðborð af hinum gjöfulu fiskimiðum

Vestfirðinga, m.a. lifrar- og mjölmaga, höfrung, skötu, hrogn og lifur, svo fátt eitt sé nefnt.

Kúttmagakvöldið er liður í fjáröflun Lionsmanna og rennur ágóðinn af því til líknarstarfa á vegum hreyfingarinnar. Því fylgir einnig heilmikil

andans efling þar sem samkomurnar hafa þótt standa fyrir gildum karlmennskunar. Og veitir sjálfsagt ekki af að ræða sjálfsmynd kynjanna á sem breiðustum grunni.

Myndasýrpa frá kúttmagakvöldinu verður sett inn á Ljósmyndavef bb.is í vikunni.



Árshátíð Brautarinnar og eldri borgara í Bolungarvík



Dansinn stiginn á árshátíðinni.

Árshátíð Kvenfélagsins Brautarinnar og eldri borgara í Bolungarvík, sem haldin hefur verið um 70 ára skeið, fór fram í Víkurbæ á laugardagskvöld. Líðlega hundrað manns voru mættir til leiks en öllum Bolvíkingum yfir 60 ára aldri er boðið. Samsætið hófst kl. 18 og var boðið upp rjúkandi

súkkulaði, rjómatertur og brauð. Kvenfélagskonur fluttu skemmtiatriði og gerðu viðstaddir góðan róm að. Kór og einsöngvarar frá Tónlistarskólanum í Bolungarvík sungu og hljómsveit sjöunda bekkjar úr Grunnskólanum í Bolungarvík tróð upp.

Hefð er fyrir því að flytja

hátíðarræðu af þessu tilefni og kom það í hlut Guðrúnar Sigurbjörnsdóttur að þessu sinni. Harmonikuunnendur léku svo fyrir dansi fram undir miðnætti.

Fjöldi ljósmynda frá fagnadinum verður settur inn á Ljósmyndavef bb.is í þessari viku.

PRENTUN Á SERVÍETTUR

SKRAUTSKRIFT OG PRENTUN Á SÁLMAÞEKUR

Fermingarsýning sunnudaginn 16. mars n.k.

- Allt það nýjasta í borðskreytingum
- Tískulitirnir í ár
- Látið fagfólkið sjá um blómaskreytingarnar þegar vanda skal valið (við erum með ljósmyndir og verðdæmi)
- Fáid hugmyndirnar af veisluborðinu hjá okkur
- Sjón er sögu ríkari

Starfsfélk Blómaturnsins

SKRAUTSKRIFT Á KERTI

Blómaturninn
Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5297

Hvernig er hægt að lækka flutningskostnaðinn?

Því hefur oft verið haldið fram að hækkun flutningskostnaðar í landinu stafi af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skattlagningu hins opinbera. Ný skýrsla sem var unnin fyrir Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra og finna má í heild sinni á vef samgönguráðuneytisins, sýnir fram á að þetta er röng fullyrðing. Það verður að skýra breytingar á flutningskostnaði á allt annan hátt. Það er mjög mikilvægt að þetta liggja fyrir.

Þess vegna er nauðsynlegt að áréttu, að það sem þingmenn Samfylkingar og ýmsir fleiri hafa haldið fram í þessa veru er einfaldlega rangt. Tilraun til skýringa á mikilvægu og margslungnu máli með því að vísa í breytingar á skattheimtu ríkisins stenst einfaldlega ekki. Það dugur því ekki í þessari umræðu, fremur en öðrum, að veifa heldur röngu tré en öngvu.

Þjónustan hefur batnað

Það er ljóst mál að þjónusta flutningafyrirtækjanna í heild sinni hefur verið að batna. Stóru flutningafyrirtækin flytja vörur sínar daglega inn á 90 staði á landinu og í sumum tilvikum oftar en einu sinni á dag á hvern stað. Þetta vitum við landsbyggðarfolk.

Af er sú tíð fyrir löngu, að menn þurfi að bíða langtímum saman eftir þökkum og sendingum. Pantí menn voru einn daginn berst hún okkur í flesta

um tilvikum hinn næsta. Þetta eru mikla framfarir og hafa meðal annars þær afleiðingar, að birgðahald verslana minnk- ar og fjármagnskostnaður einnig, sem ætti að öllu jöfnu að stuðla að hagstæðara vöru- verði.

Flutningskostnaður hefur lækkað

Það liggur líka fyrir, að flutningskostnaður hefur lækkað á þeim mörkuðum þar sem mikil samkeppni hefur verið til staðar. Ferskfiskflutning- ingar eru t.d. gott dæmi um þetta. Einnig liggja upplýsing- ar fyrir hvað varðar flutninga fyrir stóru matvöruheðjurnar.

Það er eftirtektarvert að í skýrslu samgönguráðherra kemur fram, að flutnings- kostnaður af heildarsölu stóru matvörfyrirtækjanna á Vest- fjörðum og Eyjafjarðarsvæð- inu er innan við 1% af heildar- sölunni. Þetta er mjög at- hyglisvert. Af þessu má sjá að það er í tilvikum þeirra ekki flutningskostnaðurinn sem er ráðandi í verðmynduninni.

Þetta breytir því hins vegar ekki að víða er flutningskostn- aðurinn mjög íþyngjandi. Minni aðilar njóta ekki sömu kjara og hinar stóru matvöru- keðjur. Um það er hægt að nefna ótal dæmi.

Betri vegir – lægri flutningskostnaður

En þá er spurningin: Hvað

„Til lengri tíma litið skipta samgöngubætur mestu máli“



Einar K. Guðfinnsson alþingismaður skrifar

ætluð við að gera? Hvað á að gera? Það sem skiptir auðvitað mestu máli til lengri tíma, er að við eflum og aukum sam- göngubætur. Á þetta lögðum við þingmenn Sjálfstæðis- flokksins og samgönguráð- herra mikla áherslu í umræð- um á Alþingi þegar þessi mál voru þar til umfjöllunar. Þetta er einmitt verið að gera núna, með því mikla átaki sem stendur yfir í vegagerð, til dæmis á Vestfjörðum. Við erum að bæta vegakerfið, stytta flutningaleiðir þar sem það er hægt og bæta þannig samgöngurnar. Þetta dregur úr rekstrarkostnaði flutningsaðil- anna og leiðir því til þess að flutningskostnaður mun lækka. Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði.

Við vitum að afkoma flutn- ingafyrirtækjanna er ekkert til að hrópa húrta yfir og því nauðsynlegt að hún geti batnað um leið og við bætum að- stæðurnar á vegum landsins. Vegaframkvæmdirnar hafa þess vegna meðal annars þennan tilgang og hann er ekki síst mikilvægur til þess að hafa áhrif á flutningskostnaðinn í landinu.

Hvað með endurgreiðslu ?

Við eigum líka að skoða leiðir til þess að endurgreiða flutningskostnað með beinum hætti, eins og raunar er bent á í skýrslunni. Þó er nauðsynlegt að halda því til haga, að í Noregi þar sem þessari aðferð er beitt, hefur þetta sjáanlega ekki afgerandi áhrif á flutn- ingskostnaðinn. Í Noregi er ekki veitt nema tæpum 200 milljónum króna til þess arna og því augljóst að það hefur ekki afgerandi áhrif á flutn- ingskostnað fyrirtækja og heimila.

Nú er unnið áfram að því að finna leiðir til lækkunar flutn- ingskostnaðar. Stjórnvöld hafa því tekið þessi mál föstum tökum. Þetta er mikið hags- munamál landsbyggðarinnar og því ástæða til þess að fagna því að unnið sé að því að bæta ástand sem er í dag ekki viðunandi.

– Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður.



Aðalfundur Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. verður haldinn á Hótel Ísafirði, föstu- daginn 21. mars og hefst hann kl. 16:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 17. grein samþykkt félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hlutabréf skv. 55. grein hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Stjórn Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Í SAFJARÐARBÆ

Augnlæknir á Ísafirði

Augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 17. – 21. mars.

Tímapantanir frá og með 13. mars í síma 450 4500, á milli kl. 8.00 - 16.00 alla virka daga.

Félag eldri borgara

Félag eldri borgara heldur aðalfund á Hlíf laugardaginn 15. mars kl. 14.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Íþróttahátíð verði fastur liður á Sólrísu Menntaskólans á Ísafirði

Keppt var í hnefaleikum í fyrsta sinn á Ísafirði síðan 1956

Íþróttahátíð á Sólrísu Menntaskólans á Ísafirði (MÍ) var haldin í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag. Meðal annars kepptu lið nemenda við lið ýmissa íþróttafélaga í bænum. Hermann Níelsson, kennari við MÍ, segir að um 160 nemendur hafi tekið þátt í leikunum sem stóðu frá morgni til kvölds. „Íþróttir hafa hingað til ekki verið fyrirferðarmiklar á Sólrísu. Íþróttahátíðin eykur fjölbreytni hennar og laðar að fleiri beina þátttakendum í dagskránni“, segir Hermann. Auk kappleikjanna við íþróttafélögin var boðið upp á ýmsar sýningargreinar. Stúlkur úr MÍ sýndu jassballet en þær hafa æft í vetur undir handleiðslu Katarínu Pavlovu og sýnt

miklar framfarir. Hnefaleikar og júdó teljast til nýjunga í íþróttaiðkun nemenda skólans og áttust þeir við innbyrðis í greinum.

Engir sigurvegarar voru úrskurðaðir í hnefaleikunum og júdóinu að þessu sinni enda löggiltum dómurum á þeim sviðum ekki til að dreifa. Eins og hér kom fram í síðustu viku mun þetta hafa verið fyrsta hnefaleikakeppni á Ísafirði í 47 ár. Einnig var keppt í þrek- lyftingum og bekkpressu með hámarkslyftu.

Gestir hátíðarinnar voru fjórir landsliðsmenn í fimleik- um frá Gerplu í Kópavogi sem sýndu listir sínar og vöktu hrifningu viðstaddra. Her- mann segir að sýning fimleika-

fólksins hafi dregið að fjölda áhorfenda en markmiðið með með henni hafi í og með verið að vekja athygli og áhuga á fimleikum sem lítið eru stund- aðir á svæðinu, öfugt við það sem var á Ísafirði í gamla daga.

Af úrslitum í kappleikjum nemenda við íþróttafélög á svæðinu má nefna, að mennta- skólastúlkur gerðu jafntefli við Boltafélag Ísafjarðar í fótbolta en piltarnir þurftu að lúta í lægra haldi. Í handknattleik karla lagði lið MÍ Hörð að velli en yngri flokkur karla í Herði sigraði kvennalið MÍ. Lið KFÍ hafði betur í viður- eignum sínum bæði við pílta og stúlkur í MÍ þó að mjótt hafi verið á munum í kvenna- leiknum. Í tvímenningi í hnti

(badminton) bar Tennis- og badmintonfélag Ísafjarðar sigur af bæði karlkyns og kvenkyns nemendum MÍ.

Undir lok hátíðarinnar kepptu nemendur og kennarar í blaki og sigruðu þeir síðar- nefndu með miklum tilþrifum. Lokapunkturinn var boccia- mót þar sem nemendur á starfsbraut sigruðu með glæsi- brag.

Hermann Níelsson segir tilgang hátíðarinnar vera þrí- þættan. Í fyrsta lagi að gefa fjölmörgu íþróttahugafólki innan skólans tækifæri á að koma fram á Sólrísunni. Í ann- an stað að efla samstöðu skóla- systkinanna og undirbúa lið skólans fyrir keppni við lið annarra skóla. Í þriðja lagi að

koma á keppni við íþróttafélögin í bænum til að efla keppnisreynslu íþróttamanna. Stefnt sé að því að gera íþrótt- hátíðina að árvissum viðburði á Sólrísu hátíð sem hvetji nem- endur skólans til að æfa sig og

undirbúa fyrir næstu viður- eignir.

Fjöldi ljósmynda frá við- burðum Íþróttahátíðar á Sól- rísu 2003 verður settur inn á Ljósmyndavef bb.is í vikunni.



Sólrísa 2003: Frá fyrstu opinberu hnefaleikakeppninni á Ísafirði frá 1956.

Engin fyrirstaða hjá Flugmálastjórn

„Það virðist ekki öllum ljóst, að í 42ja ára sögu Ísafjarðarflugvallar hefur aldrei verið flogið áætlnarflug til Ísafjarðar eftirtalda hátíðisdaga, þ.e. nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og jóladag. Sé það vilji eða ósk viðkomandi flugfélags að breyta þessu og hefja áætlunarflug á einhverjum af þessum dögum, þá þarf aðeins að gæta þess að ósk um það berist til Flugmálastjórnar það snemma að það raski ekki gerðum kjarasamningum. Fyrirvari um breyttar vaktir vaktavinnu-fólks er einn mánuður.“

Þetta kemur fram í bréfi frá Guðbiri Charlessyni,

umdæmis- og flugvallarstjóra Flugmálastjórnar á Ísafirði, til bæjaryfirvalda á Ísafirði. Fram hafa komið óskir um að vegna Skíðavíku verði hægt að fljúga áætlunarflug til Ísafjarðar á föstudaginn langa og páskadag.

Guðbjörn segir það alranga ályktun, ef talið sé að það hafi verið vegna ónógrar þjónustu af hálfu Flugmálastjórnar að ekki hafi verið flogið til Ísafjarðar á stórhátíðardögum á Skíðavíku á undanföllum árum. „Flugmálastjórn hefur alla tíð haft það að leiðarljósi að hafa bæði mannskap og tækjabúnað til taks og reiðubúið til starfa hvort sem er fyrir sjúkraflug eða áætlunar-



flug“, segir Guðbjörn í bréfi sínu.

Hann segir að óskir um flug á áður nefndum dögum hafi ekki verið lagðar fram í tæka tíð. „Það er einlæg von okkar, að nú berist ósk um þjónustu á stórhátíðardögum nægilega snemma svo hægt verði að afgreiða málið á eðlilegan hátt“, segir Guðbjörn í bréfinu.

Línurnar ættu að skýrast með vorinu

Fyrirtækið Aðlögun ehf. festi um áramótin kaup á húseigninni Sundstræti 45 á Ísafirði sem á sínum tíma tilheyrði Hraðfrystihúsinu Norðurtanga hf. Ætlun Aðlögunar með kaupunum á húsinu er að hefja þar nýstárlega beituvinnslu, eins og hér kom fram á sínum tíma.

Sveinbjörn Jónsson, annar eigenda fyrirtækisins, segir að verið sé að þoka málinu áfram. Hann kveðst vonast til þess að línur skýrist með vorinu og hægt verði að hefja framleiðslu í húsinu í haust.

„Þetta horfir í rétta átt en tekur meiri tíma en hæfir óþolinmóðum mönnum“, segir



Sveinbjörn Jónsson fyrir framan húsnæðið.

Sveinbjörn. Hann segir húsið bjóða upp á mikla möguleika. „Þetta er vandað hús og á eftir að skapa góða umgjörð um starfsemin“, sagði hann.

Línuútgærd hefur verið veigamikill þáttur í atvinnulífinu á norðanverðum Vest-

fjörðum undanfarin ár og segir Sveinbjörn að á svæðinu sé að finna mikla kunnáttu á því sviði. „Ætlunin er að sækja í þennan þekkingarbrunn. Ég á von á því að starfsemin falli vel að aðstæðum á svæðinu og verði þar samkeppnishæf.“

Grunnskólinn á Þingeyri

Hörður Ragnarsson ráðinn skólastjóri

Ákveðið hefur verið að Hörður Ragnarsson, síðast aðstoðarskólastjóri á Flúðum, taki við starfi skólastjóra á

Þingeyri. Eins og fram hefur komið óskaði skólastjórinn sem verið hefur á Þingeyri síðustu ár eftir lausn frá starfi fyrir skömmu.

Hörður hóf kennsluferilinn í Reykjanesi við Djúp fyrir tuttugu árum og kenndi þar í nokkur ár. Eftir það kenndi hann í skólum á höfuðborgarsvæðinu og við Heiðarskóla í Leirásrætti þar sem hann var aðstoðarskólastjóri síðustu árin. Um tíma var hann forstöðumaður söludeildar Námsgagnastofnunar.

Hörður er nýkominn vestur og hefur engin fjölskyldutengsl við Vestfirði. „Ég kunní ljómandi vel við mig inni í Reykjanesi og mér list ekki verr á mig hérna.“ Ráðning Harðar í stöðu skólastjóra á Þingeyri verður staðfest formlega á bæjarsjórnarfundum morgun að tillögu fræðslunefndar og bæjarráðs.

Þar sem púlsinn slær...

bb.is

Varnargarður fyrir ofan Seljalandshverfi á Ísafirði

Framkvæmdir hefjast á árinu

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ vilja að framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð í Seljalandshverfi hefjist sem fyrst. Í stefnuræðu Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra fyrir síðustu jól við gerð fjárhagsáætlunar fyrir þetta ár segir m.a.:

„Framlag til snjóflóðavarna er aukid úr 1,3 millj. kr. í 11,3 millj. eða um 10 millj. kr. og er viðbótarféð aðallega ætlað til að hefja framkvæmdir við snjóflóðavarnir í samræmi við forgangsroðun Ísafjarðarbæjar og Ofanflóðasjóds frá 1999. Þar er varnargarður í Seljalandshlíð fremst í for-

gangsroðuninni. Lögð verður áhersla á að flýta öðrum framkvæmdum sem skilgreind eru í forgangsroðuninni, svo sem vörnum í Holtahverfi sem eru ekki áætlaðar fyrir en 2007.“

Í bréfi til Ofanflóðasjóds fyrir stuttu segir bæjarstjóri m.a.:

„Hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar hefur fyrir nokkru samþykkt hættumat fyrir Skutulsfjörð og Hnifsdal. Þegar þetta er skrifað hefur umhverfisráðherra ekki samþykkt hættumatið. Frá samþykkt ráðherra hefur sveitarfélagið sex mánuði til að leggja fram aðgerðaáætlun um varnir. Þó ekki hafi verið

gerð formleg samþykkt um slíka áætlun hefur komið skýrt fram í umræðunni að leita verði allra leiða til að verja byggð en ekki kaupa upp.

Vísad er til rammaáætlunar um varnir gegn ofanflóðum 1999-2010 sem lögð var fram á kynningu í nóvember 1999. Þar kemur fram að ætlað var að hefja framkvæmdir við varnir í Seljalandshlíð árið 1999. Með tilvísan til texta í stefnuræðu [sbr. hér að ofan] er þess óskað, að Ofanflóðasjóður heimili framkvæmdir á ár við þessar varnir, þannig að hægt sé að bjóða út verkid og hefja það í ár. Búið er að vinna umhverfismat og skipu-

lag en skoða þarf hvort hægt sé að stytta garðinn eitthvað í neðri endann. Þar sem skipulagsvinna og umhverfismat er frá því 1999-2000 er rétt að fara yfir þessa þætti.“

Afrít af þessu bréfi bæjarstjóra til Ofanflóðasjóds var lagt fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í gær. Ráðið samþykkti að leggja til að framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð í Seljalandshverfi verði hafnar sem fyrst. Jafnframt ákvað bæjarráð að óska eftir úttekt á því, hvaða áhrif stytting varnargarðs hefur á gildi snjóflóðavarna í hverfinu.

STAKKUR SKRIFAR

Skelfileg nýlunda

Mánudagsins 3. mars 2003 verður sennilega minnst, þegar fram í sækir, fyrir að hafa orðið dagurinn þegar hin opinbera umræða breyttist á Íslandi. Því verður ekki neitað að yfirlýsing Davíða Oddssonar forsætisráðherra þess enis, að fyrrverandi aðstoðarmaður hans í forsætisráðuneytinu, Hreinn Loftsson, sem að sjálfsögðu er Vestfirðingur eins og flestir þeir sem hafa áhrif í íslensku þjóðlífi, hefði fært í tal við sig fyrir rúmu ári að sennilega þyrfti að greiða forsætisráðherra 300, já þrjú hundruð milljónir íslenskra króna, fyrir vináttu og vinsemd í garð Baugs hf., hefur komið flestum hugsað íslendingum í opna skjöldu. Þetta átti að hafa gerst í heimsborginni London fyrir rúmu ári. Hið versta í öllu þessu máli er sú staðreynd, að Hreinn Loftsson hefur viðurkennt að hafa fært þetta í tal við forsætisráðherra í hálfkæringi. Á lagamáli er einfaldlega um mútur að ræða, sem eru refsiverðar samkvæmt almennum hegningarlögum, en þau eru frá árinu 1940. Í 109. grein hegningarlaganna kemur fram, að sá „sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, séu málsbætur fyrir hendi, fangelsi allt að einu ári eða sektum.“

Ekki þarf að velta vöngum lengi yfir því, að sú framkoma að kaupa sér vináttu forsætisráðherra Íslands getur ekki talist neitt annað en mútur. Sig-

urður Línal, prófessor í lögum við Háskóla Íslands til margra ára, lýsti því yfir fyrir sléttri viku í Ríkisútvarpinu, að það, að hafa slíkt tilboð uppi í hálfkæringi, væri ekkert annað en trúnaðarbrestur gagnvart þeim sem fengi slíkt tilboð. Enn alvarlegra er, að Davíð Oddsson og Hreinn Loftsson hafa verið persónulegir vinir til margra ára, sem var að sögn Davíðs ástæða þess að hann veitti Hreini viðtalið illræmda. Ekki einasta það, heldur hefur Hreinn, stjórnarformaður Baugs, einnig notið trausts Davíðs til þess að fara fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Hvert stefnir í pólitískri umræðu þegar hin pólitísku verk stjórnmálamanna í forystu ráða ekki lengur því hvernig lítið er á verk þeirra, heldur perónuleg sjónarmið pólitískra andstæðinga? Samfylkingin viðurkennir í orði að í stjórnmáli Davíðs Oddssonar hafi ekki einasta miðað í rétta átt, samanber ummæli Stefáns Jóns Hafstein í Íslandi í dag á Stöð 2 fyrir átta dögum, heldur hafi orðið miklar framfarir á Íslandi. Hið sama staðfestir OECD, sem reglulega fylgist með því er gerist í aðildarlöndum sínum. Eftir stendur perónuleg árás á stjórnmálamann, sem hefur látið til sín taka, en er ekki að allra skapi. Burtseð frá persónulegu mati okkar almennings getur það ekki verið skoðun okkar, að stjórnmálamenn á Íslandi skuli metnir eftir öðru en verkum sínum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir mun vafalaust taka undir það sjónarmið, verði hún spurð.


Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sítt.



HÚSGAGNALOFTIÐ

SÍMI 456 4568 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRDUR

Sérfræðingur frá BETRA BAK
verður á HÚSGAGNALOFTINU
14. og 15. mars með kynningu
á TEMPUR dýnum og koddum





NÝTT

 **TEMPUR PEDIC**
Heilsunnar vegna

Handunnin húsgögn
frá Indónesíu

NÝTT



HÚSGAGNALOFTIÐ

Opnir mán-fer 10-18
108 10-18
1au 10-16

THE
NeverTurn
MATTRESS



helgargæðabókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Til sölu stórt hvítt amerískt barnarímlarúm. Leikgrind og barnapiutæki. Allt mjög vel með farið. s.456-4061

Aðalfundur Kvennadeildar SVFI verður haldin í Guðmundarþúð þríðjudaginn 18. mars kl 20.00. Þá verður súpa og brauð og að því loknu hefst fundurinn kl. 20.30. Stjórnin

Flóamarkaður verður haldinn í Vestrahusinu laugardaginn 15. mars frá 11-17. Kaffi og vöflur. Verið velkomin.

Óska eftir að kaupa notaða brauðvél. Uppl. í síma 456 7485.

Óska eftir að kaupa pickup 4x4. Verð 3-400 þús. staðgr. Uppl. gefa Bjarni 866 3326 og Finnþogi 693 8746.

Kojur til sölu, seljast ódyrt. Uppl. í síma 861 8965 og 456 5128.

Til sölu neðri hæð að Ísafjarðarvegi 2 í Hnífsdal (áður Vöruval). Selst á góðu verði. Uppl. í síma 456 3466 e.kl. 14.

Erum að safna fyrir flóamarkað. Kíktu í geymsluna og hafðu samband, við sækjum. JC Vestfirðir. Sími 863 1619 Gísli.

Okkur vantar smábát, t.d. Skel eða Færeying, í góðu standi, án allra veiðiheilmida. Uppl. í síma 456 3948 og 869 8999.

Óska eftir litlum kettlingi (æðu). Uppl. í síma 456 7322

Til leigu einstaklingsíbúð á eyrinni. Uppl. í síma 456 3085 eða 846 7490.

Reyklaus kona með tvö börn óskar eftir 4ra herb. íbúð á Ísafirði frá man.mótunum maí/júní. Oruggar greiðslur. Uppl. í síma 893 4857 Asgerður.

Til sölu 3ja herb. íbúð að Öskavegi 17 kjallara. Tilboð óskast. Uppl. í síma 824 5177 Hafdis.

Örn Magnússon í Hömrum

Örn Magnússon píanóleikari flytur tvær sönötur eftir Mozart og stök verk eftir Chopin á tónleikum í Hömrum á Ísafirði kl. 20.30 á morgun, fimmtudag. Hann hugðist halda tónleikana á sunnudag en komst ekki vestur vegna veðurs.



Þjóðum Kristínu Oddsdóttur velkoma til starfa á Hárkompaní.

Hárkompaní



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 14. mars

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Pekkóla (9:26)
18.30 Einn sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Tómasína. (*The Three Lives of Thomasina*) Bandarísk ævintýramynd frá 1963 um köttinn Tómasínu sem deyr og lifnar við aftur með dularfullum hætti. *Aðalhlutverk: Patrick McGeehan, Susan Hampshire, Laurence Naismith og Jean Anderson.*
21.50 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er Gunnar Þórðarson, gítarleikari og lagasmiður.
22.45 Meyjamissir. (*The Virgin Suicides*) Bandarísk bíómynd frá 2000 um fimm dularfullar systur og menn sem hrifust af þeim á unglingsárunum á átunda áratugnum og velta fyrir sér afdrifum þeirra 20 árum seinna. *Meðal leikenda eru James Woods, Kathleen Turner, Kirsten Dunst, Josh Hartnett, Michael Paré, Scott Glenn, Danny DeVito, A.J. Cook, Hanna R. Hall, Leslie Hayman og Chelse Swain.*
00.20 Jefferson í París. (*Jefferson in Paris*) Kvikmynd frá 1995 um Thomas Jefferson sem var sendiherra Bandaríkjanna í París upp úr 1780 og kvennamál hans. *Aðalhlutverk: Nick Nolte, Greta Scacchi, Thandie Newton og Gwyneth Paltrow, e.*
02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 15. mars

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Mumi bumba (11:65)
09.07 Bingur (11:13)
09.17 Malla mús (51:55)
09.25 Engilbert (4:26)
09.38 Albertína ballerína (7:26)
10.00 Babar (66:63)
10.25 Viltu læra íslensku? (10:22)
10.45 Mósak
11.20 Geimskipið Enterprise
12.05 HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá mótnu sem fram fer í Birmingham.
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.
16.25 Táknmálsfréttir
16.35 HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Birmingham.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Spaugstöfur
20.55 Á blóðak. (*Down Periscope*) Bandarísk gamanmynd frá 1996 um sjólf-söfningja sem er falið að stjórna gömlu alskínunum kafbáti en í áðöfn hans eru algjörir rugldallar. *Aðalhlutverk: Kelsey Grammer, Lauren Holly, Rob Schneider, Harry Dean Stanton, Bruce Dern og William H. Macy.*
22.30 Beck - Hefndarhugur. Sænsk sakamáldrámynd frá 2001 þar sem lögreglumaðurinn Martin Beck rannsakar morð á tveimur starfsbræðrum sínum. *Aðalhlutverk: Peter Haber, Mikael Pers-Brandt, Sophie Tolstoy, Marie Göransson, Per Morberg og Ingvar Hirdwall.*
00.00 Krossgötur. (*Intersection*) Bandarísk bíómynd frá 1994 um mann sem þarf að velja á milli konu sinnar til 16 ára og nýju skólkunnar sinnar. *Aðalhlutverk: Richard Gere, Sharon Stone, Lolita Davidovich og Martin Landau, e.*
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 16. mars

09.00 Morgunundin okkar
09.01 Disneyundin
09.35 Guffagrín (6:19)
09.55 Bubbi byggir (21:26)
10.07 Fagriskögur (2:10)
10.25 Franklín (58:66)
10.50 Nýjasta tækni og vísindi
11.05 Spaugstöfur
11.35 Laugardagskvöld með Gísla
12.10 Richard Avedon
13.35 HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Birmingham.
17.05 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Eva og Adam (6:8)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Hlemmur. Heimildardrámynd eftir Ólaf Sveinsson um samfélag fastagestanna á skiptistöðinni Hlemmi í Reykjavík.
21.30 Helgarsportíð
21.55 Köttur á heitu blikkþaki. (*Cat on a Hot Tin Roof*) Bandarísk bíómynd frá 1958 byggð á leikriti eftir Tennessee

Williams. *Aðalhlutverk: Elizabeth Taylor, Paul Newman og Burl Ives.*
23.40 Kastljósið
00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 14. mars

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu forni
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í finu forni
12.40 Just Shoot Me (6:22)
13.00 The Education of Max
13.45 Fugitive (10:22)
14.25 Jag (11:24)
15.15 60 Minutes II
16.00 Smallville (6:21)
16.45 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends (10:24)
20.00 Friends (11:24)
20.25 Off Centre (17:21)
20.50 The Osbournes (17:30)
21.15 American Idol. (*Superstjarna*) Hér spreya sig ungir og upprennandi söngvarar sem allir eiga sér þann draum að slá í gegn. Hinna úrvöldu biður frægð, framt og spennandi útgáfusamningar. Í dómnefnd sitja Paula Abdul, Randy Jackson og Simon Cowell.
22.30 Divorcing Jack. (*Bládasnárur*) Spennumynd með gamanmönnum undirtoni. Norður-Irinn Dan Starkey er bláðamaður sem á við áfengisvandamál að stríða. Hann þarf helst á góðu, „skúbbi“ að halda og virðist hafa heppnina með sér þegar hann kemst á snöbr um vafasamt framferði í pólitíkinni. Hann kafar í málið í óþökk ýmissa aðila og er fljótlega sjálfur kominn í bráða hættu. *Aðalhlutverk: David Thewlis, Rachel Griffiths, Jason Isaacs, Laura Fraser.*
00.20 Affliction. (*Svarstett*) Sýslumaðurinn Wade Whitehouse er mikill vand-ræðagripur. Hann hefur hrakið frá sér alla sönu náustu og er á góðri leið með að drekka frá sér allt vit. Ástæður þessa má að mörgu leyti rekja til uppeldis hans en faðir hans var hinn mesti hrotti og drykkjuritur. Wade rekur áfrán að feigðarósi þar til rannsókn hans á dauða aukýfings virðist vekja hann til vitundar um sjálfan sig. *Aðalhlutverk: James Coburn, Nick Nolte, Sissy Spacek, Willem Dafoe.*
02.10 The French Connection. (*Franska sambandið*) Grunaðir eiturfylla-smygjarar eru undir eftirliti lögreglumannsins Popeye Doyle sem sýstfisk-ekskís til þess að koma böfum á bak við lás og slá. Einn besti krimmi sem hefur verið sýndur á hvíta tjaldinu. Myndin fékk Óskarnin og kom faum á övart að Gene Hackman hlaut einnig Óskarnin fyrir magnaða tulkun sína á hinum harðneskjulega Popeye Doyle. *Aðalhlutverk: Fernando Rey, Gene Hackman, Roy Scheider, Tony Lobbanco.*
03.50 Friends (10:24)
04.10 Friends (11:24)
04.30 Ísland í dag, íþróttir, veður
04.55 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 15. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 MVP: Most Valuable Primate
11.25 Yu Gi Oh (9:48)
11.50 Bold and the Beautiful
13.30 Viltu vinna milljón?
14.20 Alftaf í boltanum
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Good Advice. (*Vandamálaláðk-urinn*) Gamanmynd. Ryan Turner er sjálfumlagður verðbræfamiðari. Hann á kærustu en en lætur það ekki hindra sig í að reyna stíft við allar konur sem á vegi hans verða. Það er halla undan fæti hjá honum í vinnunni og á endanum er hann rekinn. Turner flytur þá inn til kærustunnar með ófyrirséðum afleiðingum. *Aðalhlutverk: Charlie Sheen, Angie Harmon, Denise Richards, Jon Lovitz.*
21.05 Legally Blonde. (*Löggilt ljóska*) Ellie Woods er ljóshærð fegurðardrottning. Hún er búin að finna draumaprinsinn og framtíðin er björt. En þá dynur ógæfan yfir. Mannsfníð fer í laganám í Harvard og endurnýjar kynnin við gamla kærustu. Ellie er niðurbrotin en neitar að gefast upp og eltir draumaprinsinn til Harvard. En á hún einhverja möguleika í heimi hinni gáfuðu og eldkláru menntamanna? *Aðalhlutverk: Reese Witherspoon, Luke*

Löggilt ljóska

Reese Witherspoon, Luke Wilson og Selma Blair leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni *Löggilt ljóska*, eða *Legally Blonde* sem Stöð 2 sýnir kl. 21:05 á laugardagskvöld. Ellie Woods er ljóshærð fegurðardrottning. Hún hefur fundið draumaprinsinn og framtíðin er björt. En þá dynur ógæfan yfir. Mannsfníð fer í laganám í Harvard og endurnýjar kynnin við gamla kærustu. Ellie er niðurbrotin en neitar að gefast upp og eltir draumaprinsinn til Harvard. En á hún einhverja möguleika í heimi hinni gáfuðu og eldkláru menntamanna?

Wilson, Selma Blair.
22.40 The Man Who Wasn't There. (*Ráðbrugg rakarans*) Meistaraverk frá Coen-bræðrum. Ed Crane er rakari í Sacramento. Hann grunar eigin konu sína um að eiga í ástarsambandi við kaup-sýslumann í borginni. Ed er ákveðinn í að taka á málinu en gerir það með öðru hætti en flestir aðrir. *Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Frances McDormand, James Gandolfini.*
00.30 The French Connection II. (*Franska sambandið 2*) Framhald Óskarsverðlaunamyndarinnar eftirminni-legu þar sem Gene Hackman sló í gegn sem hertökulið Popeye Doyle. Höfuð-paur smygjaranna sem Popeye elst við í fyrri myndinni slapp úr greipum lögreglunnar en nú er Popeye búinn að rekja slóð hans til Parísar og etlar að koma honum endanlega í svartholið. *Aðalhlutverk: Fernando Rey, Gene Hackman, Bernard Fresson.*
02.20 Electric Horseman. (*Róðeó-stjarna*) Sonny Steele er gömul róðeó-stjarna sem nú er komin á svið í Vegas. Hann fær fregnir af því að sláta eigi frægum veðreiðahesti í Vegas og hann áfræður að rena hestinum. *Aðalhlutverk: Jane Fonda, Robert Redford.*
04.15 Tónlistarmyndbönd


Sunnudagur 16. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 Normal, Ohio (9:12)
15.00 Breakfast With Einstein
16.40 Naked Chef 2 (5:9)
17.10 Að hetti Sigga Hall (2:12)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Viltu vinna milljón?
20.20 Sjálfstætt fólk
20.50 Twenty Four (8:24)
21.35 Boomtown (8:22)
22.20 60 mínútur
23.05 Remember the Titans. (*Til sigurs*) Þessi átakanlega mynd byggir á sönnun atburðum frá 1971. Hún gerist í Virginíu-fylki Bandaríkjanna þar sem ekki var til síðs að svartir og hvítir gengju í sömu skóla. Vegna niðurskurðar þurftu að loka tveimur skólum og var nemendum stefnt saman í einn skóla þar sem þeldökkir og hvítir nemendur þurftu að láta sér lynda samfélag sem einkenndist af kynþáttafordómum. *Aðalhlutverk: Denzel Washington, Will Patton, Wood Harris, Ryan Hurst.*
00.55 The Wire (4:13)
01.55 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 14. mars

18.00 Sportíð með Olís
18.30 Football Week UK. Nýjustu fréttir um enska boltanum.
19.00 Trans World Sport
20.00 4-4-2



21.00 Sinful Life. (*Syndugt líferni*) Grá-glettin gamanmynd. Claire Vin Blance er fyrrverandi dansari sem á útistöðum við félagsmálafyrirvöld. Þau telja Claire óhæfa um að gegna móðurhlutverkinu og vilja koma dóttur hennar í föstur. Claire er ekki manneskja sem gefst auðveldlega upp og starfsmenn félaga mála-stofnunar eiga erfiða daga í vendum. *Aðalhlutverk: Anita Morris, Dennis Christopher, Rick Overton.*
22.30 South Park (17:17)
23.00 4-4-2
00.00 Eight Days a Week. (*Átta daga vikunnar*) Peter hefur lengi verið yfir sig ástfanginn af Ericu sem býr í næsta húsi. Hann hefur hins vegar aldrei þorað að gera nokkuð í málinum og Erica tekur náðast ekki eftir honum. Lítt geggiður frændi Peters þykist kunna lausn á vandanum og skorar á strákna að búa í tjaldi á löðinni hjá Ericu þar til hún játast honum, jafnvel þótt hann þurfi að hafast þar við

allt sumarið. Fin gamanmynd sem kemur verulega á óvart. *Aðalhlutverk: Joshua Schaefer, Keri Russell, R.D. Robb.*
01.30 Men. (*Karlmann*) Stella James er lágín við að vefja karlmönnum um fingur sér og takmark hennar er að sofa hjá eins mörgum mönnum og hún mögulega getur til þess að öðlast sem víðtækasta reynslu. Þetta verður að teljast óvenjulegt markmið og ekki laust við að því fylgi ýmsar hættur. *Aðalhlutverk: Sean Young, Dylan Walsh, John Herard.*
03.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 15. mars

12.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Aston Villa* og *Manchester United*. 14.30 4-4-2. Snorri Már og Þorsteinn J. fjalla um enska og spænska fótboltann, Meistaradeildina og allt markvert sem gerist í þessum hasarleik tuttugu og tveggja leikmanna. Þetta er þáttur fyrir

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Laugardagur 15. mars kl. 12:05

HM í frjálsum íþróttum innanhúss í Birmingham

Laugardagur 15. mars kl. 14:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 15. mars kl. 16:35

HM í frjálsum íþróttum innanhúss í Birmingham

Sunnudagur 16. mars kl. 13:35

HM í frjálsum íþróttum innanhúss í Birmingham

Sýn

Miðvikudagur 13. mars kl. 19:30

Meistaradeild Evrópu: Real Madrid – AC Milan

Miðvikudagur 13. mars kl. 21:40

Meistaradeild Evrópu: Juventus – Deportivo La Coruna

Laugardagur 15. mars kl. 12:15

Enski boltinn: Aston Villa – Manchester United

Sunnudagur 16. mars kl. 13:45

Enski boltinn: Manchester City – Birmingham City

Sunnudagur 16. mars kl. 15:55

Enski boltinn: West Bromwich Albion – Chelsea

Stöð 2

Laugardagur 15. mars kl. 14:45

Enski boltinn: Blackburn – Arsenal



Glæsileg forkeppni Söngkeppni framhaldsskólanna

Allan Már Newman verður fulltrúi Menntaskólans á Ísafirði

Allan Már Newman sigraði í forkeppni Menntaskólans á Ísafirði fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í félagsheimilinu í Hnífsdal á föstudagskvöld. Hann verður því fulltrúi skólans í aðalkeppninni sem fer fram á Akureyri 28. þessa mánaðar. Allan Már söng lagið Litríkur eða Colorful úr kvikmyndinni

Rock Star í eigin þýðingu en öll lög í keppninni skulu flutt með íslenskum textum. Bakraddir sungu þeir Birgir Örn Sigurjónsson og Helgi Þór Arason.

Alls kepptu 16 atriði um hylli dómnnefndar og áhorfenda. Í öðru sæti varð Telma Björg Kristinsdóttir sem flutti Bangles-lagið Eternal Flame,

og í 3. sæti Brynjar Már Brynjólfsson sem flutti Fuglafangarann úr Töfraflautu Mozarts.

Gríðarlega góð aðsókn var að keppninni og mátti sjá fólk á öllum aldri skemmta sér hið besta alveg út að dyrum í Félagsheimilinu. Flutningur keppenda var afar vandaður og ljóst að dómnnefnd var mikill vandi á höndum að velja á milli atriðanna.

Kynnar kvöldsins voru þau Ásgerður Bergsdóttir og Guðbjartur Ólason, kennarar við MÍ. Þeim fórst verkið afar vel úr hendi og skipti Ásgerður reglulega um kjóla að hætti Evróvisjónkynna. Um undirleik sáu meðlimir hljómsveitarinnar BMX auk fjölmargra annarra sem komu að einstaka lögum. Eiga aðstandendur og þátttakendur keppinnar lof skilið fyrir glæsilegt kvöld. Svipmyndir frá keppninni birtast á Ljósmyndavef bb.is í vikunni.



Ásgerður Bergsdóttir og Guðbjartur Ólason áttu mikinn þátt í því hversu vel tókst til.



Allan Már Newman á sviðinu.

Stuttar af bb.is

Fjöldi lykla í óskilum

Mjög mikið hefur safnast fyrir af óskilalyklum hjá lögreglunni á Ísafirði, bæði bíllyklum og húslýklum. Varla líður svo dagur að ekki sé komið þangað með lykla sem fundist hafa. Talsvert er þar líka af öðrum óskilamunum, þótt langmest sé um lyklna, og má þar nefna úr, gleraugu og farsíma. Eitthvað er einnig af reiðhjólum í óskilum hjá lögreglunni þótt mest berist af þeim yfir sumartímann. Lögreglan hvetur fólk til að aðgæta hvort lykilar sem sárt er saknað eða annað sem tapast hefur kunni að vera þar í geymslu.

Farmurinn of þungur

Í síðustu viku hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af öikumanni pallbifreiðar í Vestfjarðagöngum, en bifreiðin reyndist vera vera með of þungan farm miðað við skráningarskráteini bifreiðarinnar. Ökumaðurinn má búast við að þurfa að greiða allhåa sekt vegna þessa brots. Það var eftirlitsbifreið Ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar sem höfðu þessi afskipti, en í þeirri eftirlitsbifreið eru vogir sem notaðar eru við slíkt eftirlit. Þessi eftirlitsbifreið er á ferðinni af og til á Vestfjörðum og aðstoðar þannig viðkomandi lögreglulið við vegaeftirlitið.

Afskipti af útivist

Lögreglan á Ísafirði hefur um þessar mundir mjög strangt eftirlit með því að reglur um útivistartíma ungmenna séu virtar. Þau mál virðast reyndar vera í fremur góðu horfi í umdæminu. Í liðinni viku hafði lögreglan þó afskipti af fjórum unglingum sem voru á almannafæri lengur en reglur segja.

Huggulegheit í flugstöðinni á Ísafirði



Árshátið Flugfélags Íslands og Flugmálastjórnar á Ísafirði var haldin á laugardagskvöld í annað skipti á jafnmörgum árum og tókst gleðskapurinn með ágætum. Fagnaðurinn var haldinn í flugstöðinni á Ísafjarðarflugvelli í skreyttum sal við dekkjuð borð og huggulegheit. Segja má að flugstöðin hafi verið lítt þekktanleg frá því sem venjulega blasir við augum flugfarþega. Auk þeirra sem starfa hjá Flugmálastjórn og Flugfélagi Íslands á Ísafirði sat fagnaðinn starfsfólk á ferðaskrifstofunum á Ísafirði, auk maka og annarra gesta, alls um níutíu manns. Vel var látið af mat sem fram var borinn og heimatilbúnum skemmtiatriðum en síðan var dansað fram eftir nóttu. Fleiri myndir frá fagnaðinum verða settar inn á Ljósmyndavef bb.is þegar líður á vikuna.

Dísilolía á Ísafirði spilltist

Skipt um olíu á tönkunum

Eigendur dísilbifreiða sem tóku olíu á bensinstöðinni á Ísafirði upp úr hádegi á föstudag urðu varir við gangtruflanir eftir að olían var komin á bílana. Í ljós kom að olía í tönkum stöðvarinnar hafði spillt. Gunnar Sigurðsson hjá Olíudreifingu á Ísafirði segir orsakir óhappsins ekki kunnar en brugðið hafi verið á það ráð að skipta um olíu á tönkunum.

um. „Olían var sugin upp og ný var komin á tankana um kvöldmatarleytið“, segir hann.

Einhverjir bifreiðaeigendur gátu ekki ekið bílum sínum af þessum sökum en Olíudreifing sér um að hreinsa vélar bílanna og koma þeim í samt lag. Gunnar segir alltaf leiðinlegt þegar svona óhöpp koma fyrir en reynt sé að kippa málum í lag eins og fljótt og hægt er.

Ísafjarðarbær

20 milljónir í húsaleigubætur

Ísafjarðarbær greiddi rúmlega 19.300.000 krónur í húsaleigubætur á árinu 2002. Leigubúðir sem fengu húsaleigubætur voru 137, þar af voru 96 félagslegar íbúðir. Árið 2001 greiddi bærinn 14,7

milljónir í húsaleigubætur sem þýðir að bæturnar jukust um 4,5 milljón frá árinu áður.

Á fjárhagsáætlun þessa árs er gert ráð fyrir 19,5 milljónum í þessar bætur. Búast má við að þær fari yfir 21 milljón.